

**SKOÐUN** Pétur Rasmussen spyr hvort stúdentspróf í dönsku sé ónýtt. 16



**MENNING** Reynsluboltar koma fram á Eurovision-tónleikum í Hörpu. 28



**SPORT** Lars Christiansen á von á því að Danmörk verði heimsmeistari í handbolta. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
16. janúar 2013
13. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Lús í skólum

Lúsar hefur orðið vart í skólum landsins. Hjúkrunarfræðingur segir alltaf erfitt að eiga við höfuðlúsina. 2

**Norræn goð í borginni** Hópur fólks vill að borgin kosti hugmyndasamkeppni um myndskreytingar í svokölluðu Goðahverfi sunnan Skólavörðustígs. 4

**Varar við eftirliti** Aron Pálmi Ágústsson hefur sent þingmönnum bréf þar sem hann varar við fyrirhuguðum lagabreytingum um eftirlit með dæmdum barnaníðingum. 6

**100 bíla árekstur** Þrír létust í hundrað bíla árekstri fyrir utan Helsingborg í Svíþjóð í gær. Mikil hálka var á veginum og þoka þegar slysið varð. 6




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | A | 4 |
| Akureyri | 0° | SA | 7 |
| Egilsstaðir | -1° | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | SA | 3 |
| Reykjavík | 5° | S | 7 |

**SUÐVESTAN** 3-8 m/s víðast hvar. Rigning með köflum S- og V-til en þurrt að mestu NA-til. Hiti 0-7 stig. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Sextíu börn í meðferð vegna kynferðislegrar hegðunar

Barnaverndarstofa hefur fengið um sextíu börn til meðferðar sem hafa sýnt af sér óviðeigandi kynferðislega hegðun síðan haustið 2009. Eru á aldrinum 11 til 18 ára. Flest brjóta bara af sér einu sinni, segir forstjóri BVS.

**SAMFÉLAGSMÁL** Um sextíu börn hafa fengið viðtalsmeðferð hjá sérfræðingum á vegum Barnaverndarstofu (BVS) undanfarin ár vegna óviðeigandi kynferðislegrar hegðunar gagnvart öðrum börnum. Úrræðið hefur verið í boði síðan haustið 2009 og hefur gefist vel, að sögn forsvarsmanna BVS. Börnin eru á aldursbilinu ellefu til átján ára og koma til meðferðarinnar að beiðni barnaverndarnefnda.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri BVS, segir meðferðartíma vera misjafnan eftir einstaklingum.

„Fyrst og fremst er verið að skoða hvort um sé að ræða undirliggjandi alvarlegan vanda eða ekki," segir Bragi. „Þau ungmenni sem sýna óviðeigandi kynhegðun eða brjóta á öðrum gera það oftast nær bara einu sinni. En síðan er lítill minnihluti sem er líklegur til að gera það aftur og tilgangurinn er að reyna að finna þann hóp og stoppa það ferli."

Bragi segir ríkan part meðferðarinnar vera ráðgjöf til foreldra. „Ef brotið er innan fjölskyldu, kannski á yngra systkini eða gagnvart vinum yngri systkina, þarf að vinna að fræðslu og ráðgjöf með foreldrum." Þarna sé um ákveðinn misþroska að ræða og því sé nauðsynlegt að leiðbeina forráðamönnum um hvernig best sé að taka á vandanum.

> **Þau ungmenni sem sýna óviðeigandi kynhegðun eða brjóta á öðrum gera það oftast nær bara einu sinni.**
>
> *Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu*

Málin sem koma eru mjög misalvarleg; sum kalla á talsvert langvarandi meðferð en í öðrum nægja tveir til þrír viðtalstímar.

Heiða Björg Pálmadóttir, lögfræðingur Barnaverndarstofu, segir að þó að úrræðið hafi gefist vel sé enn of snemmt að segja til um mælanlegan árangur.

„Þetta gefur góða raun að því leyti að það er haldið áfram að veita úrræðið," segir hún. „Við erum ánægð með þetta en það er ekki búið að gera neinar rannsóknir á árangrinum."

Bragi og Heiða ræddu meðal annars um úrræði fyrir þolendur og gerendur kynferðisbrota á fundi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis í gærdag um kynferðisbrot gegn börnum. - sv / sjá síðu 12



**SIGURKOSS** Einar Guðlaugsson, einn dyggasti stuðningsmaður íslenska handboltalandsliðsins, smellir hér kossi á stuðningsmann Makedóníu í Sevilla í gær. Strákarnir okkar unnu góðan sigur, 23-19, og mæta Dönum í dag. Sjá síðu 32. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsti dagur prófa í Sýrlandi:

## Skóli sprengdur og 83 látnir

**SÝRLAND, AP** Yfir áttatíu manns létust í tveimur sprengingum í borginni Aleppo í Sýrlandi í gær.

Sprengjurnar sprungu í háskólanum í Aleppo á fyrsta degi prófa.

Ríkissjónvarpið í Sýrlandi segir að hryðjuverkamenn hafi skotið eldflaugum á skólabygginguna en uppreisnarmenn og aðgerðasinnar segja flugvélar stjórnarhersins hafa varpað sprengjunum.

Mannréttindasamtök segja að 83 hafi látist og 150 til viðbótar hafi særst. Sumir eru í lífshættu. Myndband sem sagt er sýna herþotur varpa sprengjum hefur verið sett á netið.

Einnig bárust fréttir af því í gær að hörð átök hefðu átt sér stað í höfuðborginni Damaskus.

Átökin í Sýrlandi hafa nú varað í tæp tvö ár og hafa verið einna hörðust í Aleppo. - þeb

Lífeyrissjóðirnir eru búnir að semja um uppgjör á gjaldmiðlasamningum:

## Sjóðirnir tapa tugum milljarða

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóðir landsins hafa að mestu gert upp gjaldmiðlasamninga sína við stóru föllnu bankana með yfir 70 milljarða króna tapi. Þegar búið er að taka tillit til skuldajöfnunar er tapið tæplega 40 milljarðar króna. Síðasta samkomulagið, við Kaupþing, var klárað í síðustu viku.

Arnar Sigurmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir stærsta útistandandi deilumáli sjóðanna vegna hrunsins nú vera lokið. Hann segir innihald samkomulagsins vera trúnaðarmál en staðfestir að heildaráhrifin séu þau sem sagt er frá hér að ofan.

„Í heild er þetta mjög nálægt því sem sjóðirnir hafa gert ráð fyrir í sínum uppgjörum. Þar hafa þeir gert ráð fyrir að gera þetta upp miðað við gengisvísitöluna 175, að hluta verði síðan skuldajafnað og að ákveðnir vextir hafi verið reiknaðir á uppgjörstímanum." Uppgjörið mun ekki leiða til breytinga á lífeyrisréttindum sjóðsfélaga.

Lífeyrissjóðirnir tóku stöðu með krónunni í þessum samningum, sem námu í heildina hundruðum milljarða króna þegar bankarnir hrundu. Þegar krónan féll töpuðu sjóðirnir stórfé. Á hinni hlið veðmálsins voru meðal annars margir vildarviðskiptavinir og eigendur bankanna sem höfðu milligöngu við gerð samninganna. - þsj / sjá síðu 10

**40**

milljarðar króna er upphæðin sem lífeyrissjóðir landsins töpuðu á gjaldmiðlasamningum við stóru föllnu bankana.







## SPURNING DAGSINS



Pétur Óli, ertu alveg yfirkeyrður eftir þetta?

**„Já. Ég þótti nú frekar óheflaður maður áður, en ég er væntanlega nýheflaður núna.“**

Pétri Óla Péturssyni tókst að aka yfir sjálfan sig á veghefli, losa sig undan honum og hlaupa hann uppi 300 metra áður en hefillinn steyptist fram af klettum.

Tæplega áttræður maður grunaður um að hafa misnotað dóttursyni sína:

# Kynferðisbrot afa til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri hefur nú til rannsóknar meint kynferðisbrot 77 ára gamals manns gegn tveimur dóttursonum sínum, piltum sem þá voru á barnsaldri.

Talið er að brotin hafi staðið yfir í áraraðir fram til síðustu aldamóta. Brotin eru ekki fyrnd. Piltarnir voru á þeim tíma sex til fjórtán ára gamlir.

Fréttablaðið fékk staðfest hjá lögreglunni í gær að mál af þessu tagi hefði verið til rannsóknar síðan í haust og að henni væri nærri lokið. Ekki fengust frekari upplýsingar um eðli þess. Brotin sem kært var fyrir munu vera misalvarleg og þau alvarlegustu nokkuð gróf án þess þó að flokkast sem samræði. Það var fyrir rúmu ári sem fjölskylda mannsins komst á snoðir um hin meintu brot og bar sakirnar upp á hann. Nú í haust var síðan haft samband við lögreglu vegna málsins, sem hefur haft það til rannsóknar síðan. Ekki fengust upplýsingar um það hvort maðurinn hefði játað sök. - sh




**LÖGREGLAN Á AKUREYRI** Málið hefur verið til rannsóknar í nokkra mánuði.

Lögmenn í Danmörku:

# Helmingur vill skipta um starf

**DANMÖRK Annar hver lögmaður í Danmörku íhugar að skipta um starf. Þetta eru niðurstöður könnunar stéttarfélags lögfræðinga. Lögmenn segja mikið vinnuálag og löngun til að verja meiri tíma með fjölskyldunni vera helstu ástæður þess að þeir vilji skipta um starf, en þeir vinna að meðaltali 45 klukkustundir á viku.**

**Á fréttavef Berlingske er haft eftir formanni félagsins að tölurnar séu háar og til marks um vandamál innan stéttarinnar.** - ibs




**LEITARTÓLIÐ KYNNT** Mark Zuckerberg kynnti Graph Search á fundi í gær. Enn sem komið er er um tilraunaútgáfu að ræða. NORDICPHOTOS/AFP

Facebook gerir gagnagrunna aðgengilegri notendum:

# Hægt að leita eftir áhugamálum

**BANDARÍKIN Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, kynnti í gær nýja leitarþjónustu fyrirtækisins, Graph Search.**

**Með tilstilli nýju leitarþjónustunnar munu notendur Facebook geta leitað að hinum ýmsu upplýsingum um vini sína með auðveldari hætti. Hingað til hefur leitin á samskiptavefnum ekki verið mjög öflug. Hægt hefur verið að leita eftir síðum tiltekinna einstaklinga, en ekki mikið meira eða nákvæmara en það.**

**Með Graph Search verður til dæmis hægt að komast að því hversu margir vinir viðkomandi eiga heima á ákveðnum stað og hvaða vinir hafa áhuga á ákveðinni hljómsveit eða sjónvarpsþætti.** - þeb

Smásöluvísitalan birt:

# Jólaverslunin líflegri en 2011

**NEYTENDUR** Jólaverslunin var nokkru meiri fyrir nýliðin jól en árið 2011. Þannig vörðu heimili landsins um 6% meira til matarinnkaupa í desember síðastliðnum en í sama mánuði árið áður. Leiðrétt fyrir áhrifum verðbólgu var aukningin 1,1%.

Sala áfengis dróst saman um 2,6% á föstu verðlagi í desember miðað við desember 2011. Þá minnkaði fataverslun um 1,4% á föstu verðlagi milli ára. Skóverslun jókst aftur á móti umtalsvert, eða um 9,2% á föstu verðlagi, og þá jókst sala húsgagna um 1,8%. Sala á raftækjum dróst saman um 0,3% á föstu verðlagi í desember. - mþl

Karlmaður á Þórshöfn:

# Kærður fyrir kynferðisbrot

**LÖGREGLUMÁL** Kona hefur lagt fram kæru á hendur karlmanni á áttræðisaldri, búsettum á Þórshöfn, vegna kynferðisbrota á áttunda áratug síðustu aldar þegar hún var á barnsaldri. Málinu hefur verið vísað til rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri.

Fram kom í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær að grunur léki á að maðurinn hefði brotið gegn fjölda stúlkna þótt fleiri kærur hefðu ekki verið lagðar fram. Þá kom þar fram að þessi sami maður hefði á síðasta ári orðið fyrir mjög alvarlegri líkamsárás á heimili sínu, en komið hefur fram að árásarmaðurinn hafi ráðist á manninn vegna gamalla misgjörða. - mþl

# Samstillt átak þarf gegn lúsavandamáli

Lúsar hefur orðið vart í skólum landsins. Hjúkrunarfræðingur hjá landlæknisembættinu segir alltaf erfitt að eiga við lúsina. Úrræði séu fá en þó sé komið nýtt lúsalyf sem lofi góðu. Lykillinn sé þó alltaf að foreldrar fylgist með börnum sínum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Besta leiðin til að sigrast á höfuðlús er samstillt átak foreldra í að kemba hár barna sinna. Þetta segir Ása Atladóttir, hjúkrunarfræðingur á sóttvarnarsviði landlæknisembættisins, en víða hefur orðið vart við lús í hári skólabarna að undanförnu.

„Þetta er náttúrlega vandamál og er úti um allt, en það er á ábyrgð foreldra og forráðamanna að bregðast við,“ segir Ása. Hún bætir við að meðal foreldra sem fylgjast vel með hári sinna barna og kemba reglulega hafi hún orðið vör við nokkra óánægju með tregðu sumra foreldra til að taka þátt í þessu „hópverkefni“.

„Þannig geta þau sem eru samviskusöm í þessum efnum lent í því að allt sé unnið fyrir gýg strax næsta dag. Þess vegna er svo mikilvægt að allir kembi.“

Ása segir að lúsavandamál séu alltaf illviðráðanleg þar sem börn umgangast vini og félaga úr öðrum skólum og hverfum. „Þannig er þetta viðvarandi, enda hefur lúsin frá upphafi mannkyns alltaf komist undan.“

Ása segir úrræðin ekki vera mörg en þó hafi þeim farið fjölgandi síðustu ár. Til dæmis hefur áburðurinn Hedrin gefið góða raun.

„Það er nokkuð sniðugt efni því að þar er ekki um að ræða eitur, eins og þau lúsaefni sem hafa hingað til verið algengust. Þetta er silíkonefni sem húðar lúsina og kæfir, og þess vegna eru engar líkur á að lúsin þrói ónæmi gegn því.“

Slík efni má hafa í hári barna eins lengi og foreldrar telja nauðsynlegt án þess að það valdi skaða.



**KAMBURINN ER MIKILVÆGUR** Lúsar hefur orðið vart í skólum landsins upp á síðkastið. Baráttan við lúsasmit er afar erfið, en hjúkrunarfræðingur hjá landlækni segir að samstillt átak foreldra þurfi til að vinna á óværunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Forvarnir, greining og meðferð

- Höfuðlús er 2 til 3 millímetrar á lengd. Lífslengd kven- og karlhöfuðlúsa er allt að 30 dagar en ef þær detta úr hárinu út í umhverfið, fjarri hlýjum, rökum og blóðríkum hársverðinum, veslast þær upp og deyja á 15-20 klukkustundum.
- Tveir af hverjum þremur sem smitaðir eru af höfuðlús hafa engin einkenni. Einn af hverjum þremur fær kláða sem stafar af ofnæmi gegn munnvatni lúsarinnar sem hún spýtir í hársvörðinn þegar hún sýgur blóð.
- Egg lúsarinnar eru kölluð nit og eru 0,8 millímetrar á lengd. Þau er algengast að finna í hári ofan við eyru og við hárlínu á hnakka.
- Lúsin smitast með því að skríða úr hári eins einstaklings til annars með beinni snertingu. Ólíklegt er að lús smitist með fötum eða innanstokksmunum en þó er ekki hægt að útiloka slíkt.
- Forvarnir felast í eftirliti og kembingu hárs. Ef smit kemur upp er mælt með því að drepa lúsina með efnum og endurtaka meðferð eftir sjö daga. Aldrei má nota fyrirbyggjandi lyfjameðferð við höfuðlús, þar sem það eykur líkur á myndun ónæmis gegn lyfjunum.

*Heimild: www.landlaeknir.is*

Að vísu kemur fram í leiðarvísi með lyfinu að það eigi að vera í hári í klukkustund en á heimasíðu landlæknisembættisins er mælst til þess að það sé í átta tíma. Ása segir að rannsóknir sem framleiðandi efnisins notar segi klukkustund nægja en beri það ekki árangur segir Ása óhætt að hafa það lengur í næst. Varnirnar gegn lús hefjist þó umfram allt heima við.

„Það sem ég held að væri best er að fólk hugsaði almennt um þetta og kembdi sig og börnin sín reglulega, þannig að þetta yrði eins og rútína. Þá myndi það strax draga úr þeim lúsasmitum sem eru í gangi.“

thorgils@frettabladid.is




Endurskoðunarákvæði kjarasamninga ekki nýtt en gildistíminn styttur:

# Samningur um kjaramál í höfn

**KJARAMÁL** Samkomulag er í augsýn milli Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um framlengingu kjarasamninga. Þó stendur til að stytta gildistíma samninganna um tvo mánuði.

„Við höfum verið í viðræðum við okkar gagnaðila og höfum orðið ásáttir um það á hvaða forsendum hægt er að framlengja þessa kjarasamninga,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

SA og ASÍ hafa undanfarið átt í viðræðum vegna endurskoðunar kjarasamninga, en hvor aðili hefur rétt á því að opna samningana fyrir 21. janúar næstkomandi. Samkvæmt gildandi samningum munu laun á vinnumarkaði hækka um 3,25% um næstu mánaðamót.

Gylfi segir að samstaða hafi náðst um að framlengja gildandi kjarasamninga fram yfir næstu mánaðamót en að stytta gildistíma þeirra til 31. nóvember næstkomandi. Áður stóð til að þeir giltu til 31. janúar 2014.

Samkomulag ASÍ og SA kveður auk þess á um að framlög í starfsmenntasjóði verði hækkuð og að hafnar verði viðræður um mótun sameiginlegrar atvinnustefnu og leiðir til að minnka verðbólgu.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að samkomulagið verði rætt í baklandi beggja samtaka á næstu dögum. „Við höfum frest til mánudags til að klára þetta. Ef við gerum ekkert helst gildandi samningur bara í gildi en ég á von því að við skrifum undir eitthvað fyrir þann tíma,“ segir Vilhjálmur.

Í kjölfarið stefna SA og ASÍ að því að hefja sem fyrst viðræður um nýjan kjarasamning. Þá er stefnt að því að taka vinnulag við gerð kjarasamninga til endurskoðunar með það fyrir augum að samningar náist fyrr og að viðræður verði skilvirkari. - mþl



**„Við höfum frest til mánudags til að klára þetta. Ef við gerum ekkert helst gildandi samningur bara í gildi en ég á von því að við skrifum undir eitthvað fyrir þann tíma.**

*Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA*




Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 -18, laugardaga 11 -15.

**GENGIÐ**
15.01.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,04 | 128,66 |
| Sterlingspund | 205,81 | 206,81 |
| Evra | 170,97 | 171,93 |
| Dönsk króna | 22,908 | 23,042 |
| Norsk króna | 23,221 | 23,357 |
| Sænsk króna | 19,819 | 19,935 |
| Japanskt jen | 1,4415 | 1,4499 |
| SDR | 197,03 | 198,21 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
233,7218

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna kynnti skýrslu um ofbeldi gegn börnum:

# Ekki nógu vel tekið á ofbeldinu hérlendis

**SAMFÉLAGSMÁL** Hér á landi hefur ekki verið tekið á ofbeldi gegn börnum af nægilegum styrk og festu.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, á Íslandi. Skýrslan verður kynnt í heild sinni í lok febrúar en ákveðið var að kynna hluta hennar fyrir almenningi í ljósi umræðu í samfélaginu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

„Í umræðunni sem vaknað hefur eftir umfjöllun Kastljóss hefur ítrekað verið kallað eftir aðgerðum til verndar börnum. UNICEF á Íslandi telur því skynsamlegt að birta þau gögn skýrslunnar sem tengjast slíkum forvörnum.“

UNICEF leggur fram í skýrslunni fimmtán tillögur um leiðir til að minnka ofbeldi gegn börnum. Meðal þess sem lagt er til er að stofnað verði ofbeldisvarnarráð, fræðsla í skólum aukin, Barnahús stóreflt og stuðningur við aðstandendur þolenda aukinn.

Þá eru kynntar niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2012 í skýrslu UNICEF. Þar kemur meðal annars fram að 4,8 prósent barna í 9. og 10. bekk sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun eða ofbeldi um ævina. Stúlkur eru tæplega þrisvar sinnum líklegri en drengir til að hafa orðið fyrir slíku ofbeldi. **- þeb**



**MEIRI FORVARNIR** UNICEF hefur bent á að aukinna forvarna sé þörf til að sporna við ofbeldi gegn börnum. NORDICPHOTOS/GETTY

## LANDIÐ




### Mögulegt að sprengja sé í Eldey

**1 REYKJANES** Verið er að skoða hvort sprengja leynist í Eldey, sem er friðuð eyja í umsjón Umhverfisstofnunar.

Grunsemdir vöknuðu um sprengju þegar óræður hlutur fannst í eftirlits- og viðhaldsferð stofnunarinnar. Ef hluturinn reynist vera sprengja er hún talin vera mjög gömul, þar sem Eldey var friðlýst árið 1974. „Ljóst er að ef um sprengju er að ræða getur það haft mjög neikvæð áhrif á eyjuna og fuglalíf hennar ef hún springur. Leitað verður allra leiða til að koma í veg fyrir skaða,“ segir á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### Fundu heitt vatn

**2 PATREKSFJÖRÐUR** „Nú er ekkert annað í stöðunni en að ná í stærri bor og ná vatninu úr holunni,“ segir Haukur Jóhannesson jarðfræðingur í samtali við Bæjarins besta. Haukur er í forsvari fyrir borunum eftir heitu vatni á Patreksfirði, en fundist hefur að minnsta kosti 32 gráðu heitt vatn þar.

Haukur segir að nú verði hægt að setja vatn á varmadælur og nýta fyrir Patreksfjörð. „Þarna náðum við 25 gráðu heitu vatni en við þurfum að bora dýpra til að ná heitara vatni.“ Ef hægt verður að nýta jarðvarma á svæðinu mun það hafa í för með sér mikinn sparnað fyrir íbúa.

### Brúarreykir fá starfsleyfi

**3 BORGARFJÖRÐUR** Kúabúið Brúarreykir í Borgarfirði hefur aftur fengið starfsleyfi, en leyfið var afturkallað af Matvælastofnun fyrir einum og hálfum mánuði. Fjölmiðlar greindu þá frá miklum óþrifnaði á tveimur búum, á Brúarreykjum og á Ingunnarstöðum í Reykhólahreppi.

Lögfræðingur Matvælastofnunar segir að öllum kröfum um úrbætur hafi verið mætt. Búið sé að hreinsa allt og merkja nautgripi. Bærinn verður þó áfram undir meira eftirliti en aðrir bæir. Þá mun MS ekki nota mjólkina þaðan í framleiðslu fyrr en hún stenst allar gæðakröfur. Kúabúið á Ingunnarstöðum, sem einnig missti starfsleyfið á síðasta ári, hefur ekki fengið leyfið endurnýjað.

# Ferðamenn lokkaðir með fornum goðum

Eigendur kaffihúss, leiðsögumenn og borgarfulltrúi eru í hópi sem vill að borgin kosti hugmyndasamkeppni um myndskreytingar í svokölluðu Goðahverfi sunnan Skólavörðustígs. Það muni hafa aðdráttarafl og verða öðrum hverfum fyrirmynd.

**MENNING** „Nú þegar er farið að nota æsina í kvikmyndir í Ameríku og því enn frekari ástæða til að skerpa á því hverjir varðveittu sögurnar um hinn forna sið,“ segir áhugahópur sem vill samkeppni um myndskreytingar gatna í svokölluðu Goðahverfi.

Að því er kemur fram í erindi Goðahópsins til skipulagsyfirvalda í Reykjavík teljast fimmtán götur til Goðahverfisins. Um er að ræða hverfið sunnan Skólavörðustígs. Þar eru götur sem bera nöfn hinna fornu ása úr norrænni goðafræði. Má þar nefna Lokastíg, Óðinsgötu, Þórsgötu, Freyjugötu og Baldursgötu.

„Fyrstu hugmyndir eru að setja einhverjar upplýsingar, myndskreytingar, styttur eða eitthvað í þeim dúr á horn gatna í hverfinu,“ er útskýrt í bréfi Goðahópsins, sem kveður ekki hægt að reikna kostnaðinn fyrr en hugmyndasamkeppni ljúki.

„Hins vegar var mat manna á fundi Goðahópsins að samkeppnin sem slík kostaði á bilinu 2 til 3 milljónir króna,“ segir hópurinn, sem óskar eftir að borgin kosti keppnina. „Fjármögnun framkvæmda verður síðan seinni tíma mál, en gert er ráð fyrir því að nokkrir aðilar komi að því, til dæmis fyrirtæki á svæðinu, styrktarsjóðir og Reykjavíkurborg.“

Goðahópurinn minnir á að snemma hafi götur í Reykjavík verði nefndar „til heiðurs hinum fornu goðum“ og að ástæða sé til að minna á hvaðan þessi heiti séu komin. „Börn og fullorðnir úr hverfinu kenna sig frekar við hverfið ef því er haldið á lofti,“ segir í erindi hópsins, sem kveður fleiri merkingar mundu ýta undir að leiðsögumenn fylgdu íslenskum og erlendum ferðamönnum um hverfið og segðu af því sögur. „Þetta mun því hafa aðdráttarafl fyrir hverfið og Reykjavík sem ferðamannaborg. Þetta gæti líka orðið fordæmi fyrir önnur hverfi að hressa upp á ímynd sína.“



**HRÖNN VILHELMSDÓTTIR OG ÞÓRÓLFUR ANTONSSON** Hjónin í Kaffi Loka eru í áhugahópi sem telur skreytingar á götuhornum í Goðahverfinu mundu skerpa á því hverjir varðveittu sagnir af norrænum goðum og laða fólk að hverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þetta gæti líka orðið fordæmi fyrir önnur hverfi að hressa upp á ímynd sína.**
> *Goðahópurinn*

Goðahópurinn vill að Höfuðborgarstofa efni til hugmyndasamkeppni með listamönnum og auglýsingastofum. Miða yrði við myndskreytingar á götuhornum og ef til vill margmiðlunarupplýsingar um snjallsíma.

Í Goðahópnum eru leiðsögumennirnir Steingrímur Gunnarsson, Friðrik Brekkan og Bjarni Reynarsson, Þórólfur Antonsson og Hrönn Vilhelmsdóttir sem eiga Kaffi Loka, borgarfulltrúinn Hjálmar Sveinsson, Valdís Árnadóttir hjá Norræna félaginu og Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Samtaka um söguferðaþjónustu. Erindi hópsins var vísað til meðferðar hjá skrifstofustjóra á síðasta fundi skipulagsráðs. **gar@frettabladid.is**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
5-13 m/s.




**Föstudagur**
Stíf SA- eða A-átt.

**SUNNANÁTTIR** Það verður áfram heldur vætusamt um sunnan- og vestanvert landið næstu daga. Vindur verður heldur rólegur en bætir aðeins í síðdegis á morgun og á föstudag.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Billund | -1° | Gautaborg | -3° | London | 1° | Orlando | 27° | San Francisco | 14° |
| Basel | 2° | Frankfurt | -1° | Kaupmannahöfn | -3° | Mallorca | 18° | Ósló | -8° | Stokkhólmur | -1° |
| Berlín | -2° | Friedrichshafen | -3° | Las Palmas | 21° | New York | 6° | París | 1° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*





# GÓÐUR VINUR

## LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM - LÍKA ÞÉR

**Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.**

VERTU VINUR - **DRÖGUM Á MORGUN**

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 560 4800**

25.308 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð: **1.200 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS

H:N Markaðssamskipti / SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margir þingmenn sögðu já við afgreiðslu Rammaáætlunar?
**2.** Höfuðborg hvaða lands heitir Damako?
**3.** Hvað heitir nýtt lag tónlistarmannsins Justins Timberlake?

**SVÖR**

**1.** 36 **2.** Mali **3.** Suit & Tie

Aron Pálmi Ágústsson sendir þingmönnum bréf og lýsir slæmri reynslu:

# Aron varar við auknu eftirliti

**DÓMSMÁL** Aron Pálmi Ágústsson, sem dæmdur var til refsingar í Bandaríkjunum fyrir kynferðisbrot gegn barni þegar hann var þréttán ára, sendi þingmönnum bréf í síðustu viku þar sem hann varar við breytingum á lögum um eftirlit með dæmdum barnaníðingum.

„Eftir að ég lauk afplánun þurfti ég að skrá mig inn til lögreglu í tíu ár, þar sem þeir skráðu heimilisfang mitt, símanúmer, mynd af mér, skóstærð, augnlit, afmælisdag, hvernig bíl ég keyrði og vinnustaðinn minn. Þetta þýddi að hver sem er gat fundið mig hvenær sem er og gert mér mein ef hann vildi,“ skrifar Aron. „Ég skil að íslensk lög munu kannski ekki ganga jafnlangt, en […] þau gætu haft jafnslæmar afleiðingar.“



ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON

Aron Pálmi segist hafa verið undir smásjá yfirvalda síðan hann sneri aftur til Íslands. Hann hafi misst frá sér tvær kærustur eftir að barnaverndaryfirvöld boðuðu þær á fundi og tjáðu þeim að þær gætu misst börn sín vegna sambandsins við hann.

„Ég hef verið kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu eftir að hafa náð í frænda minn í skólann og keyrt hann heim til sín,“ segir hann einnig í bréfi sínu. - sv

Bíræfnir bankaræningjar:

# Grófu sig inn í bankahvelfingu

**ÞÝSKALAND Upp komst um bíræfið innbrot í bankann Berliner Volksbank í fyrradag, þar sem þjófar höfðu grafið 30 metra löng göng inn í hvelfingu bankans og tæmt á annað hundrað öryggishólfa.**

**Þeir sem voru að verki höfðu brotist inn í bílageymslu skammt frá og grafið sig þaðan niður. Berliner Zeitung hefur eftir lögreglumanni að göngin hafi verið afar vönduð. Óljóst er hversu miklum verðmætum var stolið.** - þj






**BÍLAR SVO LANGT SEM AUGAÐ EYGIR** Meðal bíla sem lentu í árekstrinum voru slökkviliðsbílar, enda héldu bílar áfram að bætast í þvöguna þar til veginum var lokað. NORDICPHOTOS/AFP

# Minnst þrír látnir eftir 100 bíla árekstur

Mikil þoka og glerhálka urðu til þess að um hundrað bíla árekstur varð á Tranarpsbrúnni fyrir utan Helsingjaborg í gær. Minnst þrír eru látnir og átján þurfti að flytja á spítala. Margir voru fastir í bílum sínum og óttast er að fleiri hafi látist.

**SVÍÞJÓÐ** Að minnsta kosti þrír eru látnir og átján slösuðust í hundrað bíla árekstri á Skáni í suðurhluta Svíþjóðar um hádegisbil í gær.

Slysið varð á E4-hraðbrautinni, nánar tiltekið á Tranarpsbrúnni fyrir utan Helsingjaborg. Mikil hálka var á veginum auk þess sem þykk þoka var, að sögn lögreglu. Bílar úr báðum áttum rákust saman og úr varð mikil óreiða.

„Þetta er versta slys sem ég hef séð á þrjátíu ára ferli. Þetta er tveggja kílómetra löng röð af fimmtíu vörubílum og fimmtíu fólksbílum,“ sagði Jonas Hellsten, yfirmaður björgunaraðgerðanna, við Aftonbladet í gær.

Yfirmaður slökkviliðsins á staðnum sagði við TT-fréttastofuna að margir hefðu verið fastir í bílum sínum. Klippa þurfti marga út úr bílunum og var í gærkvöldi talið að tala látinna gæti hækkað. Mikil óreiða ríkti á slysstaðnum enda bættust bílar lengi í áreksturinn. Eftir áreksturinn var veginum lokað í báðar áttir og verður hann ekki opnaður fyrr en í morgunsárið í dag. Um miðjan dag í gær hvatti lögreglan á Skáni fólk til að halda sig heima við vegna þess að aðstæður til aksturs væru alls staðar slæmar.

„Við sáum þrjár manneskjur standa á veginum og reyna að benda ökumönnum á að hægja á sér. Svo kom vörubíll á miklum hraða til vinstri við mig. Hann rann til og ók á einn mannanna. Hann klemmdist milli bílsins og vegriðs og dó,“ sagði sjónarvotturinn Hada Brkic við Aftonbladet. Hún var í bíl ásamt móður sinni, systur og tveimur börnum, en þau náðu að stöðva bíl sinn. Annar sjónarvottur, Annika, sagðist hafa reynt að bjarga manninum, en það hefði verið of seint. „Öll brúin hristist til, það var mjög óþægilegt,“ sagði hún.

thorunn@frettabladid.is

## Mörg umferðaróhöpp um allt landið

Mikill fjöldi umferðaróhappa varð í Svíþjóð í gær. Mikið hefur snjóað víða um landið og mikil hálka var á vegum. Tíu bíla árekstur varð á E20-hraðbrautinni í nágrenni Eskilstuna en aðeins urðu minniháttar meiðsli á fólki í þeim árekstri. Þá var tilkynnt um á fjórða tug umferðaróhappa í Stokkhólmi.

Upplýst um net tölvuþrjóta sem hafa komist yfir trúnaðargögn:

# Sóttu helst í gögn frá stofnunum

**TÆKNI** Net tölvuþrjóta hefur síðustu fimm árin sótt sér mikið magn af trúnaðargögnum frá ríkisstjórnum, alþjóðlegum stofnunum og rannsóknarstofnunum með tölvuóværu sem kallast Rauði október. Tölvuöryggisfyrirtækið Kaspersky leiðir þetta í ljós í nýrri skýrslu.

Samkvæmt skýrslunni hefur Rauði október herjað á tölvur, farsíma og spjaldtölvur, og gerir enn. Óværunni er dreift í gegnum viðhengi í tölvupósti. Komist hún í gegn til eins notanda, í formi svokallaðs Trójuhests, nær tölvuþrjóturinn stjórn á tækinu og getur sýkt önnur tæki á sama netkerfi.

Óværan gerði mestan óskunda í Austur-Evrópu og Mið-Asíu en hafði líka áhrif í Vestur-Evrópu. Mikill fjöldi skjala var afritaður úr tölvunum inn á vefþjóna sem staðsettir eru um allan heim.

Tæknin á bak við Rauða október er afar fullkomin þannig að ekki er hægt að útiloka að ríki standi á bak við þessa herferð, sem hefur staðið í fimm ár, en Kaspersky hefur rannsakað málið frá október síðastliðnum. Af fyrirliggjandi gögnum að ráða er hins vegar talið líklegra en ekki að þrjótarnir séu rússneskumælandi.

Samkvæmt skýrslunni hafa þrjótarnir mestan áhuga á gögnum frá stofnunum ESB, sem eru dulkóðuð. Þeir sýktu hundruð véla í alls um sjötíu löndum, meðal annars í Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu, Bandaríkjunum, Rússlandi og Japan. Ísland er ekki í þeim hópi.

Kaspersky mun halda rannsókninni áfram í samvinnu við alþjóðalöggæslustofnanir. - þj



→ Tölvuóværunni Rauða október er dreift í gegnum viðhengi í tölvupósti. Óværan hefur fundist í tölvum í um 70 löndum.

# ÚTSALA

## Speglar allt að 50% afsláttur !



Speglar með 2 ljósum

Stærðir: 60x80, 70x80, 90x80, 100x80 og 120x80cm



Speglar með 3 ljósum

Stærðir: 60x80, 80x80, 90x80, 100x80 og 120x80cm



Speglaskápar með ljósi

Stærðir: 60x70, 80x70, 90x70, 100x60 og 120x60cm

Litir: Eik eða Hvítt

## Baðinnréttingar

allt að 70% afsláttur

Yfir 40 mismunandi innréttingar í sýningarsal

Verð frá kr.10.900.-

www.i-t.is

* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *

* Opið virka daga frá kl. 9-18 * laugardaga kl. 11 - 15 *

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

B|L

NÝIR SPARNEYTNIR
NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

FER 1.428 KM Á EINUM TANKI
M.v. blandaðan akstur

RENAULT



RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.
Eyðsla: 4,2 l/100 km*

VINSÆLASTI SPORTJEPPINN
Samkv. Umferðarstofu 2012

NISSAN SHIFT_



NISSAN QASHQAI – 4x4
Dísil, beinskiptur. Verð 5.090 þús. kr.
Eyðsla: 4,6 l/100 km*

SPARNEYTINN SUBARU
Ný vél, aukinn bensínsparnaður

SUBARU Confidence in Motion



SUBARU XV – 4x4
Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.
Eyðsla: 6,6 l/100 km*

SKYNSAMLEG KAUP
Hrikalega gott verð

DACIA



DACIA DUSTER – 4x4
Dísil, beinskiptur. Verð 4.090 þús. kr.
Eyðsla: 5,1 l/100 km*

*Miðað við blandaðan akstur

ENNEMM / SÍA / NM56119

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bilás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

B|L

Forsætisráðherra Pakistans handtekinn vegna spillingarmála:

# Fjölmenn mótmæli í Pakistan

**ISLAMABAD, AP** Órói var í Pakistan í gær í kjölfar þess að hæstiréttur fyrirskipaði handtöku Raja Pervaiz Ashraf forsætisráðherra vegna spillingarmála. Tugir þúsunda mótmæltu ríkisstjórninni á fundi í höfuðborginni Islamabad.

Atburðir gærdagsins hafa vakið grun um að hæstiréttur og herinn vinni saman að því að grafa undan stjórninni í aðdraganda þingkosninga sem fara eiga fram í vor. Fari þær fram án vandræða yrði það í fyrsta skipti sem borgaraleg ríkisstjórn klárar fimm ára kjörtímabil og hlítir í kjölfarið úrslitum kosninga. Herinn hefur steypt flestum fyrri stjórnum af stóli.

Ekki er búist við valdaráni í þetta sinn en víðtæk óánægja með störf stjórnarinnar meðal almennings og innan hersins og dómskerfisins. Meðal þess sem stjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir er mikið atvinnuleysi, reglulegt vandræði með rafmagnsleysi og hryðjuverk herskárra íslamista. **- mþl**



**ISLAMABAD** Tugir þúsunda stuðningsmanna súnní-klerksins Tahir-ul-Qadri mótmæltu ríkisstjórn Pakistans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lagaprófessor segir lítinn hvata til sátta varðandi breytingar á stjórnarskrá:

# Vill gera breytingar erfiðari

**ALÞINGI** Björg Thorarensen, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, segir að í frumvarpi að nýrri stjórnarskrá skorti hvata til sátta um breytingar á stjórnarskrá. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt hverfi sá stöðugleiki sem ríkt hefur um breytingar á stjórnarskrá.

Björg var gestur á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær. Þar ræddi hún sérstaklega um 113. grein í frumvarpi um nýja stjórnarskrá. Þar er lögð til sú breyting að ekki þurfi lengur samþykki tveggja þinga, með kosningum á milli, til að gera breytingar á stjórnarskrá, heldur verði breytingar lagðar í þjóðaratkvæði að lokinni samþykkt Alþingis.

Björg leggur til að samþykkt aukins meirihluta Alþingis þurfi til breytinga á stjórnarskrá. Að því loknu fari málið í þjóðaratkvæðagreiðslu og þar sé það skilyrði sett að fjörutíu prósent atkvæðabærra manna verði að samþykkja breytingarnar til að þær verði að veruleika.

Þannig verði hægt að koma í veg fyrir að lítill hópur kjósenda geti haft mikil áhrif, fari það þannig að fáir mæti á kjörstað. **- kóp**



**PRÓFESSOR Í LÖGUM** Björg Thorarensen var gestur á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær.

## Kjördæmamál úr stjórnarskrá

Nokkrir nefndarmanna spurðu Björgu út í það hvort stjórnarskrárbreytingar yrðu ekki allt of erfiðar samkvæmt hennar tillögum. Illa gæti gengið að fá aukinn meirihluta þingmanna til að samþykkja breytingar á kjördæmaskipan, svo dæmi væri tekið. Björg svaraði því til að hennar væri ekki að spá um mögulegar aðstæður sem upp gætu komið. Hins vegar væri það fáheyrt að ákvæði um kjördæmaskipan, sem hefðu áhrif á vægi atkvæða, væri að finna í stjórnarskrá. Mun eðlilegra væri að þau væru í almennum lögum.

*Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:*

**Tölvunám sem gefur forskot**

Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 43.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 27 árum. Farðu á vefsíðuna okkar eða hringdu í okkur og fáðu nánari upplýsingar um námið. Bókaðu þig sem fyrst til að tryggja þér sæti!

**Bókhaldsnám**
Hagnýtt bókhald I
Hagnýtt bókhald II
Excel grunnur fyrir bókhaldsnema

**Almenn tölvunámskeið**
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Fyrir lengra komna
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel II: Framhaldsnámskeið
Excel III: Fjölvar og forritun
Excel Pivottöflur
Excel gagnagrunnar og listar
Outlook póstur, dagbók og verkefni
Outlook fyrir lengra komna
PowerPoint, glærugerð og - notkun
Word almenn ritvinnsla
Word II fyrir lengra komna
Vinnsla langra skjala með Word
Word: Markpóstur
Windows 7 fyrir byrjendur

**Forritun og kerfisstjórnun**
Grunnám í forritun
Visual C# .NET forritun
Visual C# .NET og nútíma vefforritun
Nútíma vefforritun, HTML og JQ
Gagnagrunnsfræði

**Stutt og gagnlegt**
Internetið - upplýsingalind og skemmtun
Fingrasetning - tölvuvélritun
Facebook fyrir byrjendur
Spjaldtölvur - iPad
Spjaldtölvur - Android

**Vefur, grafík og margmiðlun**
Vefsíðugerð og margmiðlun
DreamWeaver vefsíðugerð
DreamWeaver og Photoshop
DreamWeaver, Photoshop og Flash
Joomla vefsíðugerð
Joomla og Photoshop
HTML og CSS grunnur
Flash margmiðlun
Photoshop myndvinnsla

**Ljósmyndun og myndbandagerð**
Áhugaljósmyndun
Stafræn ljósmyndun
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Ljósmyndavinnsla með Photoshop Elements
Stafræn myndbandagerð

**Almennt tölvunám**
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám stutt

**Tölvunám fyrir 50+**
Tölvunám fyrir 50+
Tölvunám fyrir 50+ stutt

**Verkefnastjórnun**
Hagnýt verkefnastjórnun
Grunnur góðrar verkefnastjórnunar
PRINCE2 verkefnastjórnunaraðferðin
Microsoft Project verkefnastjórnun
Hugarkort - XMind

*Tölvuskóli TV í fremstu röð frá 1986*
*Hringdu í 520 9000 eða*
*Skoðaðu nánar á www.tv.is*

SELECT PEARSON VUE-Authorised Test Centre
PROMETRIC TEST CENTRE

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is www.tv.is




# FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

**Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.**

## AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðiþekkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynnast þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

## FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

## FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig í að finna bestu fjármögnunarleiðina.

*„Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hverrar krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.*

*Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.*

Skráningar fer fram á vefnum okkar, **www.promennt.is,** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

## VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

**Undirbúningur: Námstækni með MindManager** 12 std.

1. **hluti: Tölvuviðgerðir A+** 50 std.
2. **hluti: Network+** 50 std.
3. **hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate)** 126 std.
4. **hluti: Virtualization** 10 std.
5. **hluti: MCSA (áður MCITP)** 180 std.
6. **hluti: Exchange 2013** 50 std.
7. **hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar** 42 std.

Athugið að umsóknarfrestur er til og með **28. janúar 2013.**
Hefst: **29. janúar 2013.**
Verð án prófa **699.000 kr.**
Verð með 7 alþjóðlegum prófum: **899.000 kr.**

*„Mjög spennandi hingað til og hefur komið mér ánægjulega á óvart hversu yfirgripsmikið námið er, en það er mikils virði að kennararnir eru með mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu. Frábært að hafa möguleika á fjarkennslu í beinni útsendingu þegar maður kemst ekki í tíma, og að hafa aðgang að kennurum utan skólatíma. Hlakka til að halda áfram.*

*Stígur Snæsson, núverandi nemandi á Framabraut – Kerfisstjórnun*

MICROSOFT VOTTUN — *Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.*

FJARKENNSLA Í BEINNI — *Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni.*

DAG- OG KVÖLDNÁM — *Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.*

**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA · SÍA

UPPGJÖR GJALDMIÐLASKIPTASAMNINGA LÍFEYRISSJÓÐANNA




**Í HÖFN** „Þessari vegferð er nú lokið. Þetta hefur verið gríðarlega tímafrekt ferli sem loks kláraðist í lok síðustu viku,“ segir Arnar Sigurmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða, sem hefur leitt viðræðurnar fyrir hönd sjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stöðutaka kostar sjóði tugi milljarða

Lífeyrissjóðirnir hafa samið um uppgjör á gjaldmiðlasamningum sem þeir gerðu við Kaupþing, Glitni og Landsbanka. Viðræður hafa staðið í á fjórða ár. Tapstaðan er yfir 70 milljarðar en tæpur helmingur upphæðarinnar nýtist til skuldajöfnunar.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



Lífeyrissjóðir landsins gerðu upp gjaldmiðlasamninga sína við stóru bankana þrjá með yfir 70 milljarða króna tapi. Á móti áttu þeir skuldabréf á sömu banka sem nýttust til skuldajöfnunar á um helmingi þeirrar upphæðar. Tilkynnt var um síðasta samkomulagið, við Kaupþing, fyrir helgi en viðræðurnar hafa staðið yfir með hléum frá árslokum 2008. Með því er stærsta óvissuþættinum sem enn var til staðar í bókum sjóðanna vegna bankahrunsins eytt. Uppgjörið hefur verið samþykkt í stjórnum þeirra sjóða sem eiga aðild að samkomulaginu og gera upp við þrotabú bankanna í samræmi við það. Niðurstaðan mun ekki hafa áhrif á lífeyrisréttindi sjóðsfélaga, þar sem þegar hefur verið gert ráð fyrir tapinu.

### Samkomulag við Kaupþing klárað

Tilkynnt var samkomulag við Kaupþing síðastliðinn föstudag. Áður höfðu lífeyrissjóðirnir samið við Landsbankann sumarið 2011 og flestir þeirra gengið frá samkomulagi við Glitni í apríl 2012. Lífeyrissjóður verzlunarmanna, annar stærsti sjóður landsins, er reyndar ekki aðili að samkomulaginu við Glitni eins og sagt er nánar frá hér til hliðar.

Arnar Sigurmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða, hefur leitt viðræður við föllnu bankana fyrir hönd sjóðanna í á fjórða ár. Hann segir stærsta útistandandi deilumáli sjóðanna vegna hrunsins nú vera lokið. „Þessari vegferð er nú lokið. Þetta er búið að vera gríðarlega tímafrekt ferli sem loks kláraðist í lok síðustu viku. Þetta var ótrúlega flókið og margir lögmenn eru búnir að gefa álit sitt á þessari deilu. En að endingu var þetta niðurstaða sem við gátum vel sætt okkur við.“

### Innihaldið trúnaðarmál

Innihald samkomulags sjóðanna við föllnu bankana er trúnaðarmál. Arnar staðfestir hins vegar að heildaráhrif þeirra séu nálægt því ef samningarnir hefðu allir verið gerðir upp á gengisvísitölunni 175, en lífeyrissjóðirnir hafa bókfært virði samninganna miðað við hana í uppgjörum sínum. „Í heild er þetta mjög nálægt því sem sjóðirnir hafa gert ráð fyrir í sínum uppgjörum. Þar hafa þeir gert ráð fyrir að gera þetta upp miðað við gengisvísitöluna 175, að hluta verði síðan skuldajafnað og að ákveðnir vextir hafi verið reiknaðir á uppgjörstímanum.“

Spurður hvort það þýði að tap sjóðanna fyrir skuldajöfnun sé 73 til 74 milljarðar króna segir Arnar það vera rétt. Í skýrslu úttektarnefndar um starfsemi lífeyrissjóðanna á árunum fyrir hrun, sem birt var í febrúar 2012, kemur fram að hún áætli tap lífeyrissjóðanna vegna gjaldmiðlavarnarsamninga á 36,4 milljarða króna þegar búið var að taka tillit til skuldajöfnunar. Sú niðurstaða er mjög nálægt því sem samdist um, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

### Hefði getað orðið meira tap

Ef samningarnir hefðu verið gerðir upp í samræmi við ýtrustu kröfur þrotabúa gömlu bankanna hefði tapstaða sjóðanna getað orðið upp á 120 til 130 milljarða króna. Á móti hefði virði þeirra skuldabréfa sem hægt yrði að nota til skuldajöfnunar hækkað í um 50 milljarða króna. Því hefði hreint tap sjóðanna getað orðið 70 til 80 milljarðar króna.

## Á leið fyrir dómstóla

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, annar stærsti lífeyrissjóður landsins, er aðili að samkomulagi lífeyrissjóðanna við Kaupþing og Landsbankann. Sjóðurinn hefur hins vegar ekki samið við Glitni og staðfesti Helgi Magnússon, stjórnarformaður hans, í samtali við Fréttablaðið að sú deila væri á leið fyrir dómstóla.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna birti fréttatilkynningu um ágreining vegna gjaldmiðlasamninganna fyrir um einu ári. Þar sagði meðal annars að sjóðurinn hefði látið „vinna greiningu á þróun gjaldeyrismarkaðar misserin fyrir hrun bankanna sem og lögfræðilega greiningu á þeim lagalegu atriðum sem þar koma til skoðunar. Niðurstaða þeirrar greiningar er eindregið sú að fjárkröfur slitastjórna Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf. séu ekki réttmætar og njóti ekki lagastoðar“.

Þá taldi stjórn sjóðsins sig hafa rökstuddan grun um að „forsvarsmenn hinna föllnu banka hafi hagað ráðum sínum með þeim hætti að það hafi valdið sjóðnum fjárhagstjóni“. Að endingu sagði í tilkynningunni að „fullreynt“ væri að ná niðurstöðu í viðræðum við þessa tvo aðila. Í síðustu viku, ári síðar, samdi sjóðurinn síðan við Kaupþing.

## → Tóku stöðu með krónunni

Lífeyrissjóðir landsins tóku stórar stöður með íslensku krónunni síðustu misserin fyrir hrun. Í skýrslu úttektarnefndar um starfsemi þeirra, sem kynnt var í febrúar 2012, kom meðal annars fram að þeir hefðu verið stærstu seljendur erlendrar myntar framvirkt árið 2008, sérstaklega í Kaupþingi og Glitni.

**2,2 milljarðar evra er staða slíkra samninga við hrun.**

Þar segir einnig að sjóðirnir „hafi í auknum mæli gert framvirka gjaldeyrissamninga til að tryggja sér ákveðið verð í íslenskum krónum fram í tímann á erlendum eignum sínum sökum þess að útgjöld sjóðanna eru ávallt í íslenskum krónum. Þannig hafi þeir varið afkomu sína fyrir skammtímasveiflum á gjaldeyrismarkaði [...] Þessar varnir jukust þegar krónan veiktist. Staðan á samningunum fór úr um 900 milljónum evra um mitt sumar 2007 í 2,2 milljarða evra við fall bankanna. Þessi aukning gaf til kynna að þessum vörnum væri stýrt á virkan hátt en ekki þannig að fast ákveðið hlutfall erlendu eignarinnar væri varið“.

Miðað við gengi evrunnar gagnvart krónu í gær var heildarstaða samninganna við hrun um 377 milljarðar íslenskra króna.

## → Vildarviðskiptavinir á hinni hliðinni




Kaupþing hóf að kaupa gríðarlegt magn af gjaldeyri á millibankamarkaði í lok árs 2007 og í byrjun árs 2008. Uppkaupin leiddu meðal annars til þess að gengi krónunnar féll í mars 2008.

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, sagði við skýrslutökur hjá rannsóknarnefnd Alþingis að bankinn sem hann stýrði hefði byggt upp gjaldmiðlajöfnuð með framvirkum samningum við útflutningsfyrirtæki, lífeyrissjóði og jöklabréfaeigendur.

Það eru því þeir aðilar sem tóku stöðu með krónunni. Kaupþing var hins vegar ekki bara að kaupa gjaldeyri fyrir eigin reikning heldur líka fyrir stærstu viðskiptavini sína og eigendur. Hagnaður myndaðist á þessum enda skiptasamninganna þegar krónan féll. Í rannsóknarskýrslunni segir að „frá því í nóvember 2007 og fram til janúar 2008 keyptu fimm innlend fyrirtæki, það er Exista, Kjalar, Baugur og tvö félög tengd Baugi, 1.392 milljónir evra í framvirkum samningum og stundarviðskiptum við íslensku bankana. Meirihluti þess gjaldeyris var keyptur af Kaupþingi. Þetta vekur óneitanlega athygli, sérstaklega í ljós þess að viðskiptin voru mjög umfangsmikil miðað við fyrri viðskipti flestra þessara fyrirtækja“.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Fabia** er byggð á einfaldri hugmynd: Það á að vera skemmtilegt að keyra. Þess vegna er bíllinn svo nettur að utan en rúmgóður fyrir fólk og farangur að innan. **ŠKODA Fabia** er nýr og frábær bíll sem þú einfaldlega verður að prófa!

**ŠKODA Fabia** kostar aðeins frá:*
**2.270.000,-**

*Skoda Fabia Classic 1.2 beinskiptur
70 hestöfl. Eyðsla: 5,5 l/100 bl. akstur, $CO_2$: 128 g/km

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Helgi og Hildur reka garðyrkjustöðina Gufuhlíð í Reykholti og rækta þar agúrkur. Gufuhlíð er fjölskyldufyrirtæki. Áður höfðu foreldrar Helga stundað garðyrkju á staðnum frá árinu 1965. Ræktunin í Gufuhlíð er vistvæn, gúrkurnar eru ræktaðar í vikri og er lífrænum vörnum beitt á plönturnar. Gróðurhúsin eru hituð upp með hveravatni.



ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 06/10 - Ljósmyndir: Hari




islenskt.is

ÞINGNEFND FUNDAR UM KYNFERÐISBROT GEGN BÖRNUM

# Lögregla skuli fá að gabba níðinga

**Fagaðilar sammælast um nauðsyn róttækari aðgerða til að sporna við kynferðisbrotum gegn börnum. Formaður allsherjarnefndar mun beita sér fyrir tálbeituheimildum lögreglu. Breyttir tímar kalli á breyttar áherslur. Opin símalína vegna kynferðisbrota í pípunum.**



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is

„Ég og fleiri úr nefndinni munum beita okkur fyrir þessum forvirku heimildum. Mín skoðun er sú að í þessum málaflokki einum, og engum öðrum, er réttlætanlegt að beita róttækari aðgerðum en gengur og gerist,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

### Samstaða um tálbeitur

Nefndin hélt fund í gær með fjölmörgum fulltrúum kerfisins þar sem rætt var um kynferðisbrot gegn börnum. Rauði þráðurinn á fundinum var rannsóknarheimildir lögreglu til að beita svonefndum virkum tálbeitum á netinu gegn kynferðisbrotamönnum. Almenn samstaða ríkti meðal fundarmanna um að sá veruleiki sem blasti við samfélaginu í dag, að kynferðisbrotamenn væru í auknum mæli að nýta sér netið til að komast í kynni við börn til að brjóta á, kallaði á róttækari aðgerðir gegn þeim.

„Menn eru að fara yfir á netið og það er veruleg ógn í því,“ sagði Stefán Eiríksson lögreglustjóri. „Níðingar koma sér þar fyrir til að komast í samband við börn og sumum tekst það. Það tekur styttri tíma en áður og það er mun breiðara mengi sem þeir ná yfir. Þetta kallar á önnur viðbrögð af hálfu yfirvalda.“

Í dag hefur lögreglan heimild til að taka yfir samskipti tveggja raunverulegra einstaklinga, eins og til dæmis að taka sæti barns í samskiptum þess við grunaðan mann. Hún hefur ekki heimild til að búa til skáldaða persónu frá grunni til að komast í samskipti við mögulega barnaníðinga.

„Það vantar heimild til að búa til tálbeitur á netinu og kanna hvað er þarna úti,“ segir Stefán. „Ég geri mér grein fyrir því að það er langt gengið og að nauðsynlegt er að bera það saman við mannréttindasáttmála Evrópu. En við verðum að takast á við veruleikann eins og hann er. Við þurfum að ganga lengra, en eingöngu á þessu sviði.“

### Umdeildar aðferðir

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari benti á að það væru nú þegar heimildir til staðar um notkun tálbeitna. „En það verður að hafa í huga að með þessu er í raun verið að láta menn fremja brot sem þeir hefðu kannski ekki annars framið. Það eru gríðarleg inngrip með þessum virku tálbeitum,“ sagði hún. „En það á ekki að ýta þessu út af borðinu, heldur verður að skoða hvort við getum beitt þessu.“

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu, Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, og Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, tóku öll undir þá skoðun á fundinum að Alþingi bæri að veita lögreglu þessar auknu heimildir. Fulltrúar innanríkisráðuneytisins bentu á, líkt og ríkissaksóknari, að nú þegar væru tálbeituheimildir til staðar, en tjáðu sig ekki frekar um rýmkun þeirra.



**FJÖLMENNUR FUNDUR UM KYNFERÐISBROT** Allsherjar- og menntamálanefnd kallaði meðal annars til sín fulltrúa frá Barnaverndarstofu, lögreglu, Stígamótum, Mannréttindaskrifstofu, Ríkissaksóknara og innanríkisráðuneytinu í gær til að ræða kynferðisbrot gegn börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Mikill fælingarmáttur

Björgvin bendir á að hann hafi rætt um notkun tálbeitna og aðrar umdeildar rannsóknaraðferðir lögreglu fyrir nokkrum árum síðan og nú beri að fikra sig í átt að því.

„Við eigum að veita lögreglu þessar heimildir því ég tel fælingarmáttinn sem í þeim felst vera mikinn gagnvart þeim sem hyggjast nota þennan galopna vettvang sem netið er,“ segir hann. „Við verðum að stíga skref í þessa átt þó að í því felist ýmislegt umdeilanlegt. Ég tel að það sé réttlætanlegt og hef einungis styrkst í þeirri skoðun.“

> Við verðum að takast á við veruleikann eins og hann er. Við þurfum að ganga lengra, en eingöngu á þessu sviði.
>
> *Stefán Eiríksson, lögreglustjóri*

> Það verður að hafa í huga að með þessu er í raun verið að láta menn fremja brot sem þeir hefðu kannski ekki annars framið.
>
> *Sigríður Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari*







ENNEMM / SÍA / NM55977

Komdu og upplifðu örugg þýsk OPEL gæði!
Takmarkað magn – komdu STRAX.

Wir leben Autos.

facebook.com/opelvinir

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000 B|L

*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði.
**Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda.

Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða samþykkt á Alþingi:

# Tímamót



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Samþykkt þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða markar tímamót. Með henni er í fyrsta sinn lögð fram stefna til framtíðar um flokkun landsvæða í orkunýtingarflokk, verndarflokk og svo biðflokk og byggir þingsályktunartillagan á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2011.

Rammaáætlunin tekur til 67 landsvæða þar sem 20 falla í verndarflokk, 16 í orkunýtingarflokk og 31 svæði er í biðflokki. Hún er afrakstur áralangrar vinnu sérfræðinga og samráðs við hagsmunaaðila.

Loks var almenningi gefinn kostur á að koma með athugasemdir og bárust meira en 200 umsagnir meðan á vinnslu áætlunarinnar stóð. Það ferli leiddi til þess að sex svæði voru færð úr virkjunarflokki í biðflokk vegna rökstuddra athugasemda um að afla þyrfti betri gagna um þau.

Rammaáætlunin er mikilvæg vegna þess að með henni er sett fram heildarstefna þar sem hugað er að hlutverki og gildi náttúrunnar frá mörgum hliðum. Ekki má gleyma því að náttúruna má nýta á fleiri vegu en með því að framleiða úr henni rafmagn. Það er til dæmis íslensk náttúra sem er ástæða stöðugt vaxandi straums ferðamanna til landsins.

Ljóst er að alger einhugur getur ekki orðið um plagg eins og rammaáætlunina. Meðan náttúruverndarsinnar fagna því að náttúruperlur eins og Jökulsá á Fjöllum, Þjórsárver og Torfajökulssvæðið eru í verndarflokki og því á leið í friðlýsingarferli eru margir ósáttir við að svæði á Reykjanesi séu í orkunýtingarflokki. Þá er ljóst að flutningur virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár úr orkunýtingarflokki í biðflokk fellur mörgum orkunýtingarsinnanum þungt.

Hitt er sérkennilegt að þingmenn stimpli verk Alþingis pólitísk í því skyni að gera lítið úr þeim, eins og framsóknarþingmaðurinn Sigurður Ingi Jóhannsson hefur gert. Er þingið ekki einmitt pólitísk samkunda og allar ákvarðanir sem þar eru teknar pólitískar þar með? Með þessari notkun á hugtakinu pólitískt er í raun verið að gera lítið úr störfum Alþingis og þingmanna og þannig gert lítið úr lýðræðinu.

Framtíðarsýn eins og sú sem birtist í rammaáætlun er auðvitað pólitísk en hún er byggð á vandaðri vinnu vísindamanna og fagfólks á mörgum sviðum, vinnu sem staðið hefur í áraraðir og metnaður hefur verið lagður í, auk þess sem tekið var tillit til sjónarmiða almennings og hagsmunaaðila.

Valdhafar framtíðar bera vonandi gæfu til að nýta vel þá vinnu sem liggur í rammaáætluninni. Það er þó morgunljóst að áfram verður deilt um virkjunarkosti á Íslandi. Munurinn er sá að með rammaáætluninni liggur fyrir heildarsýn sem ekki hefur verið fyrir hendi áður, sýn þar sem fjölbreyttari sjónarmið liggja til grundvallar en þau að hver vatnsdropi sem rennur óvirkjaður til sjávar sé glötuð orka.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP
HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ FERÐATÆKI MAGNARAR
SJÓNVÖRP REIKNIVÉLAR BÍLMAGNARAR
ELDAVÉLAR
ÍSSKÁPAR
ÞVOTTAVÉLAR
OFNAR
RISA ÚTSALA
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
Sjá úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kosningabaráttan hafin

Það velkist enginn í vafa um að kosningaskjálfti er hlaupinn í stjórnmálamenn, eins og sjá má á mismunandi skýringum stjórnarflokkanna á nýjustu vendingum í ESB-málum. Fæstir eru þó farnir að halda framboðsræðurnar strax, en á því er undantekning. Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, hélt þrumandi ræðu á þingi í gær sem hefði sómt sér vel á framboðsfundi, en virkaði kannski ekki eins vel í þingsal, í það minnsta skal ósagt látið hvort hann hafi unnið einhver atkvæði með eldræðu sinni. Hann sló hins vegar skýran tón fyrir kosningabaráttuna: „Já það verður kosið um Evrópusambandið í næstu kosningum og valið er skýrt.“



### Alltaf sól á sunnudögum

„Það eina sem vantaði hjá háttvirtum þingmanni, Magnúsi Orra Schram, hér á undan var að tala um að það yrði alltaf sól á sunnudögum þegar við værum komin í Evrópusambandið og svo væri hallelúja á eftir.“ Svo mælti Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, eftir ræðu Magnúsar Orra og hitti naglann, að minnsta kosti skáhallt, á höfuðið.



### Obama á leiðinni?

Menn deila nú um hve miklu af stefnumálum sínum ríkisstjórnin hefur komið í framkvæmd og sýnist sitt hverjum. Eitt er þó óumdeilt; Obama er ekki kominn í heimsókn. Jóhanna Sigurðardóttir hitti hjónin Barack og Michelle í september 2010 og bauð Obama hingað til lands með formlegum hætti, „til að efla enn frekar góð samskipti landanna“. Þrátt fyrir að hún hafi ítrekað boðið fer engum sögum af því hvort Obama þekktist það. Hann hefur þó fram í maí ef hann vill heimsækja Jóhönnu í Stjórnarráðið.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# „Verðvernd“ blekkir neytendur

VIÐSKIPTI



Baldur Björnsson
framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar

Helstu keppinautar Múrbúðarinnar á byggingavörumarkaði auglýsa svokallaða verðvernd. Fullyrt er að verðvernd tryggi viðskiptavinum lægsta verðið.

Hvernig geta margar verslanir allar verið með lægsta verðið á sömu vörunum? Auðvitað geta þær það ekki, nema hreinlega gefa vörurnar. Verðvernd er ekkert annað en blekking, sett fram til að láta viðskiptavini halda að lægra verð finnist ekki annars staðar.

Blekking verðverndarinnar felst í því að viðkomandi verslun lofar alls ekki að vera með lægsta verðið, þó svo að hún láti í það skína. Þess í stað lofar hún að ef viðskiptavinur finnur lægra verð annars staðar, þá fái hann mismuninn endurgreiddan. Sem sagt, það er undir viðskiptavininum komið að finna lægsta verðið. Verslun sem býður verðvernd getur því í raun alltaf verið með hæsta verðið þó að hún gefi annað í skyn.

### Bauhaus stoppað af

Smám saman er Neytendastofa að átta sig á því að óhóflegar fullyrðingar um verðvernd eru villandi fyrir neytendur. Nýlega bannaði Neytendastofa Bauhaus að auglýsa lægsta verðið á grundvelli verðverndar. Neytendastofa bannaði Bauhaus einnig að setja ósanngjörn skilyrði fyrir viðskiptavini ef þeir vildu nýta sér verðverndina. Nú er það á ábyrgð starfsmanna Bauhaus að sannreyna hvort verð er lægra hjá keppinautum verslunarinnar. Að sjálfsögðu gildir það sama um aðrar verslanir sem auglýsa verðvernd. Um þessar mundir auglýsir Bauhaus bestu verðverndina á markaðnum. Þessu svipar til þess að auglýsa sig sem bestasta fyrirtæki landsins.

### Sneypuför neytandans

Mesta ruglið með verðverndina felst í því að neytandinn þarf að leggja í mikla vinnu til að fá lægsta verðið. Ef hann finnur vöru á lægra verði annars staðar þarf hann að fara í upprunalegu verslunina til að krefjast endurgreiðslu á mismuninum. Viðkomandi verslun getur einhliða hafnað greiðslu á grundvelli þess að varan sé ekki sams konar eða sambærileg, að hún hafi verið á tilboði, að hún sé aðeins til í takmörkuðum mæli o.s.frv. Fyrirhöfnin getur því snúist upp í sneypuför.

### Betri aðferð

Það er til önnur og miklu betri aðferð til að tryggja sér lægsta verðið. Hún er sú að trúa aldrei fullyrðingum um lágt verð eða verðvernd, heldur gera verðsamanburð ÁÐUR en ráðist er í að kaupa vöruna. Þá fæst hún á lægsta verðinu í fyrstu atrennu og engin þörf á því að eltast við endurgreiðslu á grundvelli loforða um „verðvernd“ með tilheyrandi fyrirhöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hetjur kastljóssins

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



„Svo virðist sem starfstitli mínum hafi verið ruglað saman við eitthvað annað – það má segja að ég sé fórnarlamb fávisku.“

Yvette Cloete, barnalæknir frá Newport í Bretlandi, var heldur betur brugðið þegar hún kom heim úr vinnunni dag einn í ágúst árið 2000. Á útidyrahurð hennar hafði verið spreyjað stórum stöfum orðið „paedo“ eða barnaníðingur. Nokkrum vikum fyrr hafði dagblaðið News of the World hafið „krossferð“ gegn barnaníðingum og meðal annars birt opinberlega nöfn og heimilisföng 49 dæmdra brotamanna. Almenningi var heitt í hamsi, svo heitt að einhverjir nágrannar Yvette rugluðust á enska orðinu „paedophile“, sem þýðir barnaníðingur, og orðinu „paediatrician“, sem þýðir barnalæknir.

**Pottur brotinn**

Flestir voru vafalaust slegnir óhug sem fylgdust með umfjöllun Kastljóss síðustu viku um barnaníðinginn Karl Vigni Þorsteinsson og hálfrar aldar brotaferil hans. Glæpirnir gerast ekki mikið hrottalegri, meira mannskemmandi, en slík misnotkun á börnum og unglingum.

Mál Karls Vignis minnir um margt á mál þjóðþekkts skemmtikrafts í Bretlandi sem kom upp í október á síðasta ári og hefur verið í deiglunni þar í landi síðan. Jimmy Savile lést árið 2011, 84 ára að aldri. Hann var þekktur fyrir störf í útvarpi og sjónvarpi þar sem hann starfaði meðal annars við dagskrárgerð fyrir börn og unglinga. Tæpu ári eftir að hann lést bárust fréttir af kynferðisafbrotum hans gegn börnum. Í kjölfarið var sem flóðgátt brysti. Lögreglu bárust hundruð tilkynninga um ofbeldi af hálfu Saviles, sem virtist eins og í tilfelli Karls Vignis hafa komist upp með athæfið í meira en hálfa öld.

Síðastliðinn föstudag var gefin út skýrsla um málið sem unnin var af bresku lögreglunni og breskum barnaverndarsamtökum. Rannsókn á kynferðisbrotum Jimmys Savile hefur leitt í ljós að víða er pottur brotinn þegar kemur að því að taka á kynferðisbrotum gegn börnum í Bretlandi. Að sama skapi hefur umfjöllun Kastljóss svipt hulunni af sambærilegri brotalöm hér á landi.

**Varlega í sakirnar**

Ærandi þögn virðist vera gegnumgangandi þema þegar kemur að brotum bæði Saviles og Karls Vignis. Það voru margir sem vissu en flestir þögðu. Samkvæmt umfjöllun Kastljóss var Karl Vignir rekinn úr starfi að minnsta kosti fjórum sinnum þegar grunur lék á að hann misnotaði ungmenni á vinnustaðnum. Enginn yfirmanna hans virðist hins vegar hafa haft samband við lögreglu. Þau fórnarlamba hans sem hugðust leita réttar síns komu síðan að lokuðum dyrum í réttarkerfinu því brotin voru í flestum tilfellum fyrnd.

Í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um Karl Vigni Þorsteinsson hefur ríkisstjórnin sett saman samráðshóp sem vinna á að bættum viðbrögðum og eftirfylgni vegna kynferðisofbeldis gegn börnum. Því ber að fagna. Formaður hópsins, Ágúst Ólafur Ágústsson, barðist fyrir því er hann sat á þingi fyrir nokkrum árum að kynferðisbrot gegn börnum yrðu gerð ófyrnanleg. Var samþykkt árið 2007 að slíkt skyldi ná til hinna alvarlegri brota. Lögin eru auðvitað ekki afturvirk en í framtíðinni ætti ekki að vera hægt að vísa fórnarlömbum barnaníðinga frá með þeim orðum að of langt sé liðið síðan brotið var á þeim.

Mikilvægt er þó við þá vinnu sem er fram undan að farið sé varlega í sakirnar og málið unnið af yfirvegun. Í fjölmiðlum síðustu daga hefur nokkuð borið á umræðu um opinbera gagnagrunna sem til eru í Bandaríkjunum og hafa að geyma nöfn og heimilisföng barnaníðinga og vangaveltum um hvort slíkt kerfi henti á Íslandi.

Áður en breska dagblaðið News of the World birti opinberlega lista yfir dæmda barnaníðinga sem varð til þess að barnalæknirinn Yvette Cloete var sökuð um það á útidyrahurðinni sinni að vera „paedo“ grátbáðu forsvarsmenn bresku lögreglunnar blaðið um að gera það ekki. Í Bretlandi er dæmdum kynferðisglæpamönnum skylt að skrá sig hjá lögreglu í þar til gerðan gagnagrunn. Gagnagrunnurinn er hins vegar ekki opinber eins og í Bandaríkjunum. Breska lögreglan var þeirrar skoðunar að uppátækið stefndi börnum í hættu því með því að gera upplýsingar um barnaníðinga opinberar væru meiri líkur á að þeir reyndu að fara huldu höfði í samfélaginu, skiptu um nafn og heimilisfang svo engin leið yrði að fylgjast með þeim.

Opinber gagnagrunnur um barnaníðinga getur auk þess ýtt undir múgæsing sem erfitt er að sjá að sé fórnarlömbum slíkra ofbeldismanna til gagns. Í síðustu viku sagði Hrönn Sveinsdóttir, kvikmyndastjóri Bíó Paradísar, frá því hvernig hún hefði á unglingsárum sínum gengið í skrokk á Karli Vigni ásamt vini eftir að þau hittu eitt af fórnarlömbum hans á djamminu. Heift unglinganna er skiljanleg. Hins vegar má efast um að nokkur hafi verið bættari eftir barsmíðarnar.

**Þagnarmúrinn hruninn**

Hægt er að grípa til ýmissa aðgerða til að reyna að vernda börn gegn níðingum eins og Jimmy Savile og Karli Vigni – hve árangursríkar þær eru er erfitt að segja til um fyrir fram. Engin þeirra mun þó komast í hálfkvisti við gagnsemi þess mikilsverða framtaks sem fórnarlömb Karls Vignis sýndu er þau stigu fram í kastljósið og sögðu sögu sína. Frásögnum þeirra fylgir sú krafa að á börn sé hlustað, að þau séu tekin trúanleg; þeim fylgir hvatning til annarra sem orðið hafa fyrir slíku ofbeldi að greina frá því og leggja fram kæru gegn gerandanum sé þess kostur. Í Bretlandi hefur tilkynningum um kynferðisofbeldi gegn börnum snarfjölgað eftir að upp komst um Jimmy Savile. Ekki er ólíklegt að þróunin verði með sama móti hér á landi í kjölfar umræðunnar um Karl Vigni.

Þagnarmúrinn er hruninn. Nú er það okkar, samfélagsins alls, að tryggja að hann rísi ekki á nýjan leik.

Í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um Karl Vigni Þorsteinsson hefur ríkisstjórnin sett saman samráðshóp sem vinna á að bættum viðbrögðum og eftirfylgni vegna kynferðisofbeldis gegn börnum. Því ber að fagna.




MARKAÐS-
OG REKSTRARNÁM

Frá hugmynd að fullbúinni viðskiptaáætlun

**Um námskeiðið:**

Markaðs- og rekstrarnám er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað nám, fyrir bæði þá sem vilja styrkja eigin rekstur og þá sem hafa í hyggju að stofna til nýs eigin rekstrar með því að finna hugmyndum sínum eða annarra frjóan farveg.

Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda, hvenær borgar sig að fara af stað og hvenær borgar sig að sitja heima.

**Nánari upplýsingar er að finna á ntv.is**

**Lengd námskeiðs**
240 kennslustundir
Verð: 198.000

**Helstu námsþættir**
Frumkvöðlar og framtíðarsýn
Stofnun fyrirtækja
Hagnýt markaðsfræði
Markaðssetning á netinu
Excel við áætlanagerð
Fjármálastjórnun og framlegð
Hagnýtur bókhaldsskilningur
Gerð viðskiptaáætlunar

**Næsta námskeið**
Kvöldnámskeið hefst 4. feb.
Morgunnámskeið hefst 5. feb.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv

40%
afsláttur af umgjörðum
miðvikudag
fimmtudag
föstudag

greiðsludreifing í boði



facebook.com/linsan.is
LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

# Er landið tilbúið að taka á móti ferðamanni nr. 1.000.000?

FERÐAÞJÓNUSTA



**Fanný Gunnarsdóttir**
4. sæti Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður

Á nýliðnu ári fylgdumst við með því að erlendum ferðamönnum fjölgaði og færðu þeir okkur auknar gjaldeyristekjur sem ekki veitti af að fá í skuldum vafinn ríkissjóð. Ísland er áhugavert land hvort sem horft er til náttúrunnar, sögunnar eða þeirrar fjölbreyttu þjónustu sem boðið er upp á. Það er áhugavert að sjá hvernig þeir sem reka ferðaþjónustu hafa lagt sig fram um að mæta ólíkum þörfum gestanna sem hingað koma. En það þarf að skipuleggja þennan atvinnuveg enn betur þannig að við göngum ekki á náttúru Íslands – lágmörkum áhrif ferðamennskunnar en hámörkum arðinn af atvinnugreininni. Framsóknarmönnum finnst nauðsynlegt að skoða heildarmyndina, efla grunnrannsóknir í greininni og vega síðan og meta hvert stefna skal. Ímyndarsköpun, markaðssetning og þróun atvinnugreinarinnar á að byggja á góðum rannsóknum.

„Náttúrupassi“ er góð hugmynd. Þar gæti komið fram að viðkomandi hefði lagt sitt af mörkum við að varðveita íslenska náttúru og viðhalda fjölförnum ferðamannastöðum. Ég held að langflestir greiddu hóflegt gjald með glöðu geði.

### Umhverfisáhrif

Á síðustu misserum hefur þjóðin horft m.a. til ferðaþjónustunnar sem einnar af grunnstoðum atvinnulífsins. Ýmislegt hefur vel verið gert til að markaðssetja Ísland. En er landið, náttúran og hin mannlega umgjörð, tilbúið að taka við sífellt auknum fjölda ferðamanna? Við lesum ítrekað að met séu slegin í komu ferðamanna en árið 2011 komu hingað hátt í 600 þúsund ferðamenn með flugi og skipum. Enn var slegið met á nýliðnu ári en þá komu hingað vel yfir 600 þúsund gestir og nú er horft til um 8% fjölgunar á hverju ári. Erum við tilbúin til að taka á móti þessum fjölda? Að mínu mati vantar upp á að svo sé, hvort sem horft er til náttúruverndar, skipulags, reglna eða eftirlits.

Hefur verið lagt mat á skemmdir á gróðri og viðkvæmri náttúru landsins þegar vel yfir hálf milljón ferðamanna heimsækir vinsæla ferðamannastaði? Því er oft haldið á lofti að ferðamennska sé umhverfisvænn atvinnuvegur – en er það svo í raun? Mér finnst, eins og staðan er í dag, að þessi mikla umferð ferðafólks taki sinn toll af náttúrunni. Náttúruperlur landsins hafa margar hverjar látið á sjá vegna ágangs

**➜Ríkið þarf að skapa trausta og stöðuga umgjörð en einstaklingar og sveitarfélög taka síðan við.**

og má þar nefna Landmannalaugar, „Laugaveginn“ og svæði við Geysi. Er út í bláinn að ferðaþjónustan í heild sinni sem atvinnuvegur fari í umhverfismat eins og annar rekstur og framkvæmdir? Það þarf að skoða aukið álag á þjóðvegi landsins, eyðingu og skemmdir á gróðurlendi, áhrif lagningar göngustíga, lagningar nýrra vega og byggingar mannvirkja við helstu náttúruperlur. Það hefur verið gagnrýnt að ýmsa nauðsynlega þjónustu vanti við helstu áningastaði s.s. salerni og aðstöðu til að þrífa sig og losa sig við úrgang en slíkt aðstöðuleysi kallar á slæma umgengni.

Við höfum ótal möguleika á að bjóða hér upp á fyrsta flokks ferðaþjónustu vítt og breitt um landið árið um kring. Ríkið þarf að skapa trausta og stöðuga umgjörð en einstaklingar og sveitarfélög taka síðan við. Þjóðin á fólk með hugmyndir og starfsvilja í þessum geira, nýtum það sem best. Búum ferðaþjónustunni gott starfsumhverfi, pössum að ganga ekki á viðkvæma náttúru og þá nær þessi mikilvæga atvinnugrein að blómstra og eflast til framtíðar.

# Er stúdentspróf í dönsku ónýtt?

MENNTUN



**Pétur Rasmussen**
dönskukennari við Menntaskólann við Sund

Upp á síðkastið hafa komið upp mál þar sem danskir háskólar hafa neitað íslenskum námsmönnum um aðgang að námsbrautum sínum með tilvísun til þess að þeir hafi ekki nógu góðar forsendur í dönsku. Mest ber á þessu hjá Verslunarháskóla Kaupmannahafnar, CBS. Þar nefna menn kröfu um 12 framhaldsskólaeiningar í dönsku til stúdentsprófs.

Síðan árið 2000 hefur danska til stúdentsprófs verið 6 einingar á öðrum brautum en málabraut en þar er krafan 9 einingar. Þegar ný námskrá fyrir framhaldsskóla tekur gildi eftir tvö ár, verður að líkindum aðeins krafa um 3 einingar. Hér ber sem sé töluvert mikið í milli.

Krafa danskra háskóla er skiljanleg. Hjá þeim miðast fjárveitingar við fjölda nema sem standast próf. Ef þá grunar t.d. að Íslendingar í námi hjá þeim falli frekar en Danir og að ástæðan sé ónóg hæfni í dönsku er eðlilegt að þeir geri kröfu um stöðupróf. Slíkt stöðupróf er til. Það heitir Studieprøven og má t.d. lesa um það hjá Studieskolen í Kaupmannahöfn. Íslenskir umsækjendur um háskólanám í Danmörku geta innritað sig í prófið og tekið það ef efast er um málhæfni þeirra.

Nú er ekki aðeins kennd danska í framhaldsskóla á Íslandi heldur líka í grunnskóla. Í grunnskóla er kennd danska í fjögur ár, samtals 14 tímar á viku, en 14 tímar á viku í framhaldsskóla er sama sem 14 einingar! Jafnvel þó að gert sé ráð fyrir að yngri nemendur læri minna í tímum en þeir eldri væri ekki óeðlilegt að reikna samanlagðan kennslustundafjölda í grunnskóla og framhaldsskóla (6 einingar) sem ígildi 12 eininga náms. CBS á sem sé bara að hætta þessu einelti, eða hvað?

### Djarft markmið

Þegar nánar er að gáð dettur hvorki Dönum né Íslendingum í hug að miða tungumálahæfni við kennslustundafjölda. Sameiginlegt viðmið Evrópulanda hefur um nokkurt skeið verið svokallaður sjálfsmatsrammi í Evrópskri tungumálamöppu Evrópuráðsins fyrir framhaldsskólastigið. Þar er málhæfni sundurliðuð í fimm hæfnissvið og fyrir hvert eru tilgreind 6 þrep, A1-2, B1-2 og C1-2, þar sem C2 merkir hæfni næstum því eins og hjá innfæddum.

Studieprøven prófar miðað við hæfni C1, en hvaða kröfur eru gerðar til þess að standast stúdentspróf í dönsku? Í Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011,

**➜ Krafa danskra háskóla er skiljanleg. Hjá þeim miðast fjárveitingar við fjölda nema sem standast próf.**

kafla 10.5 er tekin skýrt fram sú krafa um dönsku „að hæfniþrepi þrjú“ sem á öðrum stað (í viðauka 3) útleggst sem B2 á Evrópuvísu. Það er nokkuð djarft markmið þegar haft er í huga að námskráin gerir ráð fyrir að nemendur hafi náð A2 að loknum grunnskóla — vel að merkja aðeins ef þeir hafa „framúrskarandi hæfni“, á mannamáli einkunn 8-10, upp úr grunnskóla (kafla 13.2).

Framhaldsskóli getur vissulega kennt slíkum afbragðsnemanda dönsku upp í B2 og útskrifað hann með einkunn 8-10. Hinir ná því ekki. Ef vel lætur, hafa þeir hæfni upp á A1 eða lakara við inntöku í framhaldsskóla og útskrifast með einkunn 6-7 á B1 eða 4-5 á A2.

### Ónýtur miði

Í öllum tilvikum vantar nokkuð upp á að íslenskur háskólanemi sem hefur ekki bætt við sig aukaáfanga í dönsku, uppfylli hæfniskröfur Studieprøven sem eru C1. CBS gerir sem sé rétt í að vísa Íslendingum á Studieprøven ef þeir vilja komast inn.

Þá má auðvitað rökræða um það hvort krafan um C1 sé eðlileg. Persónulega hika ég ekki við að gefa nemendum með einkunn 8-10 og 9 framhaldsskólaeiningar að baki meðmæli til háskólanáms í Danmörku. Þar sem ég þekki til, hefur þeim gengið vel. Þúsundir Íslendinga hafa lokið háskólaprófi í Danmörku. Þess vegna gæti hæfnisþrep B2 verið nægileg undirstaða. En það er ekki okkar að skipa útlenskum yfirvöldum fyrir. — Já, stúdentspróf í dönsku er ónýtur miði inn í danskt háskólanám.

Annað má íhuga hér heima. Er eðlilegt að grunnskólanemar nái flestir bara hæfnisþrepi A1 eftir fjögurra ára nám í dönsku með 3-4 tíma á viku? Ég veit það ekki, en það gæti verið ástæða til að herða eftirlitið með gæðum kennslu grunnskólanna.

En hvað er þá til ráða? Hæfnisþrep B2 dugar ekki. Flestir ná meira að segja aðeins B1. Viljum við auðvelda íslenskum háskólanemum aðgang að dönskum háskólum, virðist aðeins vera til ein leið: að stofna málaskóla til undirbúnings Studieprøven í dönsku og semja við dönsk yfirvöld um að fá að halda þetta stöðupróf hér heima.

## AF NETINU

### Stöðvum spekilekann

Hjúkrunarfræðingar og aðrir sem starfa við heilbrigðisþjónustu eru heppnir því menntun þeirra er alþjóðleg og veruleg eftirspurn er eftir starfskröftum þeirra í útlöndum. Það er ekki heppilegt fyrir okkur hin sem kunnum að þurfa á þjónustu þeirra að halda og ekki hagkvæmt fyrir samfélagið sem varið hefur bæði miklu fé og mannauði til menntunar þeirra og þjálfunar.

Hjúkrunarfræðingar eru ekki eina stéttin sem nær ekki endum saman en kjör þeirra hafa dregist töluvert aftur úr kjörum annarra ríkisstarfsmanna. Það er óþolandi að sjá að launahækkanir skila sér ekki til dæmigerðrar kvennastéttar en laun t.d. viðskiptafræðinga hjá ríkinu hækka mun meira.

http://blog.pressan.is/margrett/

*Margrét Tryggvadóttir*

### Orkan endar erlendis

Bjarni Benediktsson hyggst láta lífeyrissjóðina kaupa í Landsvirkjun til að spara ríkinu vexti af völdum hrunsins. Ekki er ljóst, hvernig hægt yrði að hindra frekara framsal hlutabréfanna til annarra. Erlendir vogunarsjóðir gætu eignast orkuauðlindir landsins, alveg eins og kvótabófarnir gátu rænt auðlindum hafsins. Einkavæðing er sjálfvirkt skrímsli, sem veltur eins og bolti án þess að við neitt verði ráðið. Erfitt verður með lögum að hindra lífeyrissjóði í að nýta eign sína á löglegan hátt. Fyrr en varir verður orka landsins komin í fjarlæga eigu. Skammtímasjónarmið stjórna græðgisvafningi.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH INNRÉTTINGAR
LAGER-HREINSUN
ALLT Á AÐ SELJAST
–við rýmum lagerhúsnæðið
45% afsláttur af lagervöru
Skápar, hurðir, borðplötur, skúffur, rennihurðir o.fl.
25% afsláttur af sérpöntuðum viðbótum Biðtími.
Takmarkað magn – Fyrstur kemur fyrstur fær!
–EINSTAKT TÆKIFÆRI–
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Velkomin í sýningarsal okkar í Lágmúla 8 og kynntu þér málið betur eða hringdu í Baldur í síma 530 2819 og/eða í Vilhjálm í síma 5302821

# Hvað er Weetabix?



## Sykurminnsta morgunkornið

Sykurinnihald er það lægsta sem gerist í morgunkorni.

**4,4 g sykur í 100 g**

## Trefjaríkt

Inniheldur náttúruleg trefjaefni sem viðhalda heilbrigðri meltingu.

**10 g trefjar í 100 g**

## Flókin kolvetni

Sjá vöðvum líkamans og heilafrumum fyrir orku.

**68,6 g kolvetni í 100 g**

## Heilkorna

Allir kostir kornsins nýttir. Hvert lag kornsins inniheldur næringarefni sem eru líkamanum nauðsynleg.

**95% heilkorna**

## Vítamín og steinefni

Inniheldur mikilvæg vítamín, steinefni og járn sem eru nauð-synleg fyrir vöxt og viðhald heilbrigðs líkama.

## Próteinríkt

Prótein byggja m.a. upp og endurnýja vöðvavefinn, styrkja ónæmiskerfi líkamans og flytja næringarefni inn og út úr frumum.

**11,5 g prótein í 100 g**

## ORKA SEM ENDIST

Weetabix er frábær leið til að byrja daginn.
Veldu næringarríkan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegi.




PIPAR\TBWA • SÍA • 122400

# Upplýsingagjöf til ferðamanna

FERÐAÞJÓNUSTA



**Jónas Guðmundsson**
verkefnastjóri Safetravel

**➜ Fyrst og fremst ber alltaf að mæla með því að viðkomandi geri ferðaáætlun og skilji eftir en slíkt má til dæmis gera á vefnum safetravel.is**

Það líður varla sá mánuður að ekki sjáist fréttir þess efnis að met hafi verið slegið í fjölda ferðamanna hingað til lands. Líklegt má telja að ferðamenn hafi verið á annan tug prósenta fleiri árið 2012 en árið áður. Einn af jákvæðum þáttum þessarar þróunar er að töluvert fjölgar utan háannatíma, og virðist sem svo að átakið Ísland allt árið sé meðal annars að skila þeim árangri.

Aðstæður til ferðalaga hér á landi að vetrarlagi eru gerólíkar aðstæðum að sumarlagi og líklegt má telja að þær séu enn frábrugðnari aðstæðum í heimalandi ferðalangs en sumrin. Öll þekkjum við hversu skjótt veðrið getur breyst, jafnvel skollið á snjóstormur á augabragði. Ekki síður geta aðstæður á yfirborði vega breyst í einni svipan og hvað þá verið af ýmsum toga á ekki svo löngum vegarköflum. Einnig þarf að hafa í huga að þjónusta á vegum er misjöfn og ekki er hægt að ganga út frá því að vegir sé alltaf opnir.

Þessar fjölbreytilegu og oft erfiðu aðstæður setja auknar kröfur á ferðaþjónustuaðila varðandi upplýsingagjöf til ferðamanna. Hún má og á ekki eingöngu að snúast um að upplýsa um áhugaverða staði, gistimöguleika og ferðir sem í boði eru. Starfsmenn á gististöðum, á upplýsingamiðstöðvum ferðamanna, bílaleigum og öðrum viðkomu- og dvalarstöðum ferðamanna ættu að hafa inni í sínum þjónustuferlum að spyrja hvert förinni er heitið og ráðleggja þá um þau atriði sem hafa ber í huga til að gera ferðalagið enn betur heppnað.

**Ferðaáætlun**

Fyrst og fremst ber alltaf að mæla með því að viðkomandi geri ferðaáætlun og skilji eftir en slíkt má til dæmis gera á vefnum safetravel.is. Einnig er mikilvægt að fólk sé með réttan búnað og má til dæmis nefna að við akstur um landið ætti ætíð að vera teppi eða svefnpoki ásamt einhverju nesti í bílnum. Slíkt kemur sér vel ef för tefst eða ef viðkomandi festir sig sem dæmi. Réttur klæðnaður skiptir einnig miklu máli þó ekki sé gengið lengra en um Dimmuborgir eða að Gullfossi. Búnaðarlista fyrir ýmsar tegundir ferða má finna á vef Safetravel.

Upplýsingar um færð og veður má segja að ættu að vera fastur liður í upplýsingagjöf til ferðamanna. Á vef Veðurstofunnar www.vedur má skjótt finna veðurspá og einnig viðvaranir ef spáð er varasömu veðri en einnig má beina ferðalöngum sjálfum á þann vef þar sem hann er á ensku. Á vef Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is má finna upplýsingar um færð á vegum. Á vef Safetravel www.safetravel.is má finna mikið af fróðleik fyrir ferðaþjónustuaðila og ferðamenn. Einnig má þar finna upplýsingar um veður og færð enda markmiðið að þar séu á einum vef allar upplýsingar sem auki líkur á öruggu ferðalagi.

Á hverjum vetri sinna sjálfboðaliðar björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar miklum fjölda aðstoðarbeiðna er varða ferðamenn. Eru þær beiðnir af ýmsum toga en ljóst að mörg tilfelli má koma í veg fyrir með aukinni upplýsingagjöf til ferðamanna. Leggjumst öll á eitt og upplýsum okkar gesti um meira en keypta þjónustu og aukum þannig líkur á ánægjulegu og öruggu ferðalagi.

# Stjórnarskráin: Lengi getur gott batnað

NÝ STJÓRNARSKRÁ



**Þorkell Helgason**
fyrrverandi fulltrúi í stjórnlagaráði

**➜ Alþingi á ekki að hika við að lagfæra það sem betur má fara. Markmiðið er góð stjórnarskrá, ekki hver samdi hana. En engan tíma má missa.**

„Heill lýðræðisríkja, hverrar gerðar eða þroska sem er, hvílir á lítilfjörlegu tæknilegu atriði: fyrirkomulagi kosninga. Allt annað er aukaatriði." Svo ritaði hinn mikli spænski hugsuður José Ortega y Gasset.

Alþingi lagði fyrir stjórnlagaráð að endurskoða stjórnarskrárákvæði um fyrirkomulag þingkosninga. Til grundvallar var umræða á þjóðfundi 2010 sem stjórnlaganefnd sú sem stóð að fundinum túlkaði almennt sem kröfur um jafnt vægi atkvæða og persónukjör auk þess sem flestir töldu að landið ætti að vera eitt kjördæmi.

Meginþættirnir í tillögu stjórnlagaráðs um ramma um kosningakerfi koma fram í 39. gr. í frumvarpi því að nýrri stjórnarskrá sem nú liggur fyrir Alþingi. Helstu nýmælin eru þessi:

- **Fjöldi kjördæma:** Frá einu upp í átta að vali löggjafans.
- Vægi atkvæða: Skal vera jafnt, óháð búsetu.
- **Landslistar:** Flokkar geta bæði boðið fram kjördæmalista og landslista. Sömu nöfn mega vera á báðum.
- **Persónukjör:** Kjósendur merkja við einstaka frambjóðendur eða lista í heilu lagi en taka þá ekki afstöðu til röðunar á frambjóðendum.
- **Fullur jöfnuður milli flokka:** Sætum skal skipt á milli flokka í samræmi við landsfylgi og síðan ráðstafað til frambjóðenda hvers þeirra samkvæmt persónufylgi.
- **Kjördæmavörn:** Til að ekkert kjördæmi fari halloka við úthlutun sæta má nota nær helming þingsæta, eða 30 þeirra, sem lágmarksstryggingu fyrir einstök kjördæmi.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012 hlaut spurning um aukið persónukjör stuðning 78,4% þeirra sem tóku afstöðu og önnur um jafnt vægi atkvæða fékk með sama hætti jáyrði 66,5%. Þær tvær meginbreytingar sem stjórnlagaráð lagði til um fyrirkomulag kosninga fengu því yfirgnæfandi fylgi allt eins og hafði sýnt sig á þjóðfundinum.

**Kjördæmavörn**

Nokkrir fræðimenn hafa gagnrýnt framangreindar tillögur stjórnlagaráðs, þó með misgóðum rökum. Hér verður staðnæmst við málefnalega gagnrýni á ákvæðið um kjördæmavörn. Búa má til ýkt dæmi þess efnis að þetta ákvæði geti ýmist snúist upp í andhverfu sína eða dugi ekki til að ná settu markmiði.

- Hugsum okkur að landinu sé skipt upp í tvö kjördæmi, landsbyggðarkjördæmi og höfuðborgarkjördæmi. Segjum að kjósendur flokks nokkurs dreifi persónuatkvæðum sínum mjög á milli frambjóðenda flokksins á landsbyggðinni en séu aftur móti einhuga um menn á höfuðborgarlistanum. Vegna stærðarmunar kjördæmanna gæti svo farið að sterkustu mennirnir á höfuðborgarlistanum væru allir atkvæðaríkari en hver hinna á landsbyggðarlistanum. Flokkurinn fengi þá alla menn sína kjörna fyrir sunnan. Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, hefur búið til dæmi í þessum stíl. Með ákvæðinu um kjördæmavörn mætti að vísu tryggja landsbyggðarkjördæminu þau 23 sæti sem það á rétt á m.v. kjósendatölu. En ákvæðið gæti ekki séð við bjögun innan flokka.
Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ölöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nuddstofan Jera. Klassískt vöðva og slökunarnudd. Notarlegt umhverfi. Sími 659 9277.

## Barnið




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

NORSKA I & II og III H f. starfsfólk í heilbrigðisgeira, SÆNSKA, ENSKA f. börn, unglinga og fullorðna. ÍSLENSKA f. útlendinga - ICELANDIC. BYRJA-START 21/1, 18/2, 18/3. Kvölds/ Morgna. Mornings/Evenings. 4 vikur x 5 sinnum viku-4 week courses x 5 days a week. Sjá: www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s.5881160.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

58 ára karlmaður óskar eftir 1-2 herb íbúð strax, í öruggri vinnu og reglusamur. uppl í síma: 8944868

Einbýli-rað-parhús í Laugadal, Seltjarnarnesi eða miðsvæðis, óskast á leigu fyrir 4 manna fjölskyldu. Góð umgengni og meðmæli. Uppl. í s: 868-1543 / gertl@flugfelag.is

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR - VINNUSTOFUR**
Eigum laus nokkur 20 - 40 m2 rými í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Hentar vel fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Nánar á www.leiga.webs.com Sími 898 7820

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 27 11 1038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## til sölu



# ATVINNA

## Atvinna í boði

Olíudreifing

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI**

Olíudreifing óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra staðsettan á Reyðarfirði til framtíðarstarfa. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi.

**Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910. Umsóknir sendist á akureyri@odr.is fyrir 21. janúar. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is**

Nettó í mjódd óskar eftir starfmanni í fullt starf í mjólkurtorg. Tekið er á móti umsóknum á staðnum milli kl. 14-16 í dag miðvikudag.

Óska eftir fólki í pökkun og snyrtingu í Grindavík. Upplýsingar í s. 843 9858.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**NÁIN KYNNI**

Ung kona (21) leitar karlmanns sem getur veitt henni það sem hún vill. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8486.

**NÝ UPPTAKA!**

Ung dökkhærð kona (25) í rauðum náttkjól skemmtir sér. Magnaður endasprettur! 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8199.

**NUDD OG DEKUR**

Afspyrnugott slökunarnudd í boði. Hún gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8919.

Vissir þú að... Foreldrum og forráðamönnum ber að tryggja öryggi barna
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## atvinna

# Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar að ráða starfsmann í fullt starf við Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ) í Reykjavík.

Starfssviðið er afar víðtækt. Auk almennra skrifstofustarfa, s.s. vinna við skýrslur, fréttabréf og vefsíðu, mun starfsmaðurinn koma að skipulagningu námsins og undirbúa nemendur fyrir komuna til Íslands (m.a. umsóknir, dvalarleyfi o.s.frv.).

Hæfniskröfur: Háskólapróf, að lágmarki BS/BA gráða, á sviði umhverfisvísinda, þróunarfræða eða annarra sviða sem tengjast landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands. Lipurð í mannlegum samskiptum, ritfærni og tölvukunnátta auk góðrar enskukunnáttu. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www. starfatorg.is

Umsóknafrestur er til 1. febrúar nk. og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Upplýsingar um starfið veitir Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla HSþ (hafdishanna@lbhi.is), s. 8435336. Umsóknir sendist rafrænt eða með pósti til Hafdísar Hönnu Ægisdóttur (hafdishanna@lbhi.is), Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík.

UNITED NATIONS UNIVERSITY
UNU-LRT
Land Restoration Training Programme
Landbúnaðarháskóli Íslands

## fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Ársalir 1, íbúð 901 - 201 Kópavogur




**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Mjög glæsileg 100 m2 3ja herbergja íbúð á 9. hæð í vönduðu lyftuhúsi við Ársali 1 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofuhol, tvö rúmgóð svefnherbergi, góða stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús ásamt geymslu. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Mikið útsýni er úr íbúðinni til suðurs og austurs. **V. 28,9 m.**

ÁS FASTEIGNASALA

Fjarðargötu 17, Hf.
Sími 520 2600
as@as.is
www.as.is



Kári Halldórsson, lögg. fasteignasali

### Norðurbakki 11b - Hafnarfirði




**Opið hús í dag, 16. janúar frá kl.16:30 - 17:00**
**– Sölufulltrúi á staðnum.**

LAUS STRAX - Ný og glæsileg 101,8 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Norðurbakka 11B í Hafnarfirði ásamt stæði í BÍLAGEYMSLU og sér SÓLPALLI. Gólfhiti, halogenlýsing, íslenskar hágæða innréttingar frá AXIS og eldhústæki frá AEG. Innbyggð uppþvottavél fylgir. **Verð: 27.5 millj.**



Aron Freyr sölufulltrúi s.772-7376

## tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2013, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. janúar 2013 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2013, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, virðisauka- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2013

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli


„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ"
DJÖFLAEYJAN
„ÁHORFENDUR FÖGNUÐU OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL"
FRÉTTABLAÐIÐ
„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!"
BJÖRK EIÐSDÓTTIR
ritstýra á Séð og heyrt
SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
Miðasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Miðasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga
BLAKKÁT
Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR • HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON • MAGNÚS GUÐMUNDSSON
Fimmtudagur 17. jan. - Uppselt
Föstudagur 18. jan. - Uppselt
Föstudagur 25. jan. - Uppselt
Föstud. 1. feb. Uppselt
Föstud. 8. feb. kl 20:00
Fimmtud. 14 feb. kl 20:00
Föstud. 15. feb. Uppselt
midi.is
Finndu okkur á facebook

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** viðlag, **6.** kraðak, **8.** að, **9.** kverk, **11.** eyðileggja, **12.** helgitákn, **14.** benda, **16.** í röð, **17.** aðstoð, **18.** til viðbótar, **20.** fyrir hönd, **21.** snöggur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** knattleiksknött, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** hamfletta, **7.** slípaður af sjógangi, **10.** eldsneyti, **13.** sunna, **15.** innyfla, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** ös, **8.** til, **9.** kok, **11.** má, **12.** kross, **14.** flóki, **16.** hí, **17.** lið, **18.** enn, **20.** pr, **21.** snar.
**LÓÐRÉTT: 1.** pökk, **3.** tt, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** sorfinn, **10.** kol, **13.** sól, **15.** iðra, **16.** hes, **19.** na.








# Alls ekki illa meint

**BAKPANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Tja, var hann ekki bara að grínast," sagði ég aumingjalega og án allrar sannfæringar. Þetta var afspyrnu lélegt svar, ég vissi það strax, en ég hafði bara ekkert annað tiltækt svona í fljótheitum. En jafnvel þótt hefði fengið einhvern umhugsunarfrest er ég ekki viss um að ég hefði komið með neitt betra.

**DÓTTIR** mín var að horfa á teiknimynd þar sem mikið gekk á milli tveggja og hafði önnur persónan greinilega yfirhöndina. Þegar sú virtist hafa komið mótherja sínum algjörlega á kné hlakkaði í henni og fékk hann að heyra það, meðal annars þau orð að hann „grenjaði eins og smástelpa"! Dóttir mín skellihló í fyrstu en varð síðan ögn ráðvillt á svip og spurði mig: „Af hverju sagði hann grenjaði eins og smástelpa?"

**HVERNIG** í ósköpunum hefði ég átt að útskýra þetta? Kannski svona? „Jú, sjáðu til, dóttir góð, kallinn í teiknimyndinni var að hæðast að mótherja sínum með þessum orðum því það þykir frekar aumingjalegt að gráta og eins er það, jú, til þess að gera það nokkuð samfélagslega viðurkennt að stelpur eru tja, á ég að segja „aumingjar"? ... Allavega er oft gripið til þess að líkja þeim sem á að hæðast að, ef sá hinn sami er karlmaður, við stelpu. Skilurðu?"

**EF** dóttir mín væri enn eitt spurningarmerki í framan gæti ég tínt til fleiri dæmi: „Jú, sjáðu til, þegar einhver hrópar til dæmis á liðsmann í handboltaliði karla að hann „kasti eins og stelpa" er ekki verið að hrósa honum fyrir frammistöðu hans. Hreint ekki. Ekki heldur ef fótboltamaður er sagður „sparka eins og stelpa". Þá er yfirleitt verið að meina að hann sé mjög lélegur."

**NÚ** gætu þessar útskýringar orðið til þess að dóttir mín færi að draga þá ályktun að hún sjálf væri annars flokks, þar sem hún er jú stelpa. Að sjálfkrafa myndi enginn vilja láta líkja sér við hana eða hennar frammistöðu, því það væri hreinlega niðurlæging!

**ÞAÐ** vil ég auðvitað alls ekki hafa og myndi því kannski segja léttum rómi: „En þú skalt ekki taka þetta beinlínis til þín, dóttir góð. Þetta er bara einhver orðvenja sem tíðkast hefur öldum saman. Það kippa sér fæstir upp við þetta. Fólk er bara að grínast, held ég."

## MYNDASÖGUR

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Kjöt og fiskur á góðu verði í Bónus
KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
1759 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
759 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
259 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
659 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
BÓNUS ÞORSKALÝSI
598 KR. 300stk
LÝSISPERLUR 300 stk.
498 KR.
ÞORSKALÝSI 500ml
100% KJÖT
998 KR. KG
NAUT-LAMB-GRÍS BLANDAÐ HAKK
FROSIÐ LAMBA KJÖT
359 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBAHJÖRTU
HAUST SLÁTRUN 2011
229 KR. KG
KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBASVIÐ
259 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBALIFUR
895 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR
1195 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
norðanfiskur
1295 KR. KG
NORÐANFISKUR SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
998 KR. KG
NORÐANFISKUR ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR
798 KR. 620G
298 KR. 620G
FROSIÐ NAUTAHAKK 620g 100% KJÖT
FROSIÐ KJÖRFARS 620g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**BJÖRG SVEINBJÖRNSDÓTTIR** „Spólurnar hennar ömmu eru úr hefðbundnu kvennarými og segja ýmislegt um störfin þar, um heimabæ ömmu, Suðureyri, og um stöðu og líf kvenna almennt,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Amma var töffari með áhuga á mörgu

Þegar Björg Sveinbjörnsdóttir var að alast upp á Suðureyri var amma hennar, Guðjóna Albertsdóttir, oft með segulbandstæki stillt á upptöku í eldhúsglugganum. Nú er Björg að gefa út bók með völdu efni af spólunum.

„Það er fegurð í upptökunum hennar ömmu og margar þeirra eru ljóðrænar. Þær eru úr hefðbundnu kvennarými og segja ýmislegt um störfin þar, um heimabæ ömmu, Suðureyri, og um stöðu og líf kvenna almennt. Þar eru líka fyndin atriði,“ segir Björg Sveinbjörnsdóttir, sem er að gefa út bókina Hljóðin úr eldhúsinu, ásamt geisladiski. Hvorutveggja geymir gullkorn af segulbandsspólum sem amma hennar, Guðjóna Albertsdóttir, lét eftir sig og eru frá tímabilinu 1984 til 1992.

„Amma var alltaf með kassettutæki í eldhúsglugganum hjá sér og ég vissi af því þegar ég var að alast upp sem barn á Suðureyri,“ segir Björg. „Þegar hún lést árið 2000 og verið var að ganga frá hennar hlutum bað ég um að fá að geyma spólurnar, sem eru 60-70 talsins. Á þeim heyrist í ömmu og afa, barnabörnum þeirra, krökkum í þorpinu og gestum og gangandi. Svo hljóma æskulýðssöngvar og sálmar því amma fékk krakkana með sér í söng. Stöku sinnum fór hún með tækið á leikskólann og á kvenfélagsfund þar sem hún tók upp félagssönginn.“

Björg segir ömmu sína hafa verið komna á efri ár og hætta að vinna utan heimilis þegar hún hóf upptökurnar. En hver var tilgangurinn? „Ég hugsa að amma hafi verið að safna röddum, hljóðum og heimildum. Hún tók viðtöl við ættingjana, einkum barnabörnin. Einnig las hún upp og fór með eigin sögur.“

Augu Bjargar opnuðust fyrir heimildargildi efnisins á spólunum þegar hún var í mastersnámi í hagnýtri menningarmiðlun því þar var fjallað um hversdags- og persónulegar heimildir. Einnig fellur það inn í kynjafræði og kvennasögu. „Ég áttaði mig á því að spólurnar hennar ömmu segja frá daglegu lífi kvenna á vissum tíma sem tengist þáttum eins og uppeldi, eldhússtörfum, æskulýðsstarfi og samfélagsvinnu. Miðlunin byggist því meira á hughrifum og upplifunum en staðreyndum og tölum sem skjalfestar fundargerðir geyma.“

Björg telur að amma hennar hefði verið ánægð með útgáfuna, ef hún hefði lifað. „Amma var töffari með áhuga á mörgu í samfélaginu. Ég er yngst af barnabörnunum en þau sem þekktu hana vel segja að hún hafi verið fljót að tileinka sér hluti og þessu efni hélt hún til haga. Ég birti ekki persónulegustu upptökurnar heldur ritskoða efnið sem er gefið út.“

> **Ég áttaði mig á því að spólurnar hennar ömmu segja frá daglegu lífi kvenna á vissum tíma sem tengist þáttum eins og uppeldi, eldhússtörfum, æskulýðsstarfi og samfélagsvinnu. Miðlunin byggist því meira á hughrifum og upplifunum en staðreyndum og tölum sem skjalfestar fundargerðir geyma.**

Eru einhverjir fjölskylduleyndardómar sem þú heldur eftir? „Það er auðvitað alls konar skraf og einn spádómur yfir kaffibolla. Svo eru upptökur þar sem ég er í frekjukasti, öskrandi og æpandi. Ég læt þær auðvitað ekki fara lengra!“ gun@frettabladid.is



Hollur, ferskur og ódýr

## Salatbar í hádeginu

Borðaðu eins mikið og þú vilt. Heitur réttur, tvær tegundir af súpum, ferskt salat, grænmeti og ávextir ásamt brauði. Drykkir innifaldir í verði.

Salatbar: 1.490 kr.
Take away box: 850 kr.

*Frítt fyrir 0-6 ára og 7-12 ára borga aðeins 50%*

Hotel Cabin

Borgartún 32 / 105 Reykjavík
511 6030 / booking@hotelcabin.is / www.hotelcabin.is



# Heilsteypt og fagurt

TÓNLEIKAR ★★★★☆

**Sæunn Þorsteinsdóttir og Sam Armstrong**
Verk eftir Beethoven, Brahms, Britten og Martinu
**HAFNARBORG, 13. JANÚAR**

Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari og Sam Armstrong píanóleikari héldu tónleika í Hafnarborg sunnudaginn 13. janúar.

Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari haslaði sér völl fyrir allnokkru sem einn besti hljóðfæraleikari þjóðarinnar. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum með tónleikana sem hún hélt í Hafnarborg á sunnudagskvöldið.

Með Sæunni spilaði Sam Armstrong á píanóið. Það er dálítið skondið að heita Armstrong og vera píanóleikari; Armstrong var langt frá því að vera harðhentur. Sellóið er í sjálfu sér ekki hljómsterkt, auðvelt er að drekkja því með öflugum píanóleik. En Armstrong var mjúkhentur og samspil hljóðfæraleikaranna var í alla staði til fyrirmyndar. Tímasetningar voru nákvæmar, styrkleikajafnvægið pottþétt, túlkunin samhæfð og heilsteypt.

Fyrst á dagskrá var stef úr Töfraflautu Mozarts sem Beethoven gerði tilbrigði við. Á nútímamáli myndi það kallast lag eftir Mozart, rímix eftir Beethoven. Sá síðarnefndi var snillingur í að gera tilbrigði, hugmyndaflugið var takmarkalaust, innblásturinn óþrjótandi. Tónlistin fór í allar áttir. Flutningurinn nú var sömuleiðis skemmtilega hugmyndaríkur og lifandi. Sæunn hefur mjög opinn tón, það eru miklar tilfinningar í spilinu sem fá að flæða alveg óheftar. Þetta kom vel út í verki Beethovens.

Sömu sögu er að segja um sex lög eftir Brahms, hér útsett fyrir selló og píanó. Og sónatan op. 65 eftir Britten var frábær. Hún var leikin af einstakri andagift, ferskleika, tæknilegum yfirburðum og dirfsku.

Tilbrigði eftir Martinu við útfærslu Paganinis á stefi úr óperunni Móses í Egyptalandi eftir Rossini (já, þetta er langsótt) voru líka afburðaskemmtileg. Túlkunin var spennuþrungin og grípandi, kraftmikil og full af andstæðum.

Eini mínusinn við tónleikana var aukalagið. Það var Elegía eftir Michael Jón Clarke. Hún virkaði svo mikið eins og stæling á Vókalísu Rachmaninoffs að það var hálfpínlegt. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Með einni undantekningu voru þetta frábærir tónleikar.




★★★★

„Þeir Stefán Karl og Hilmir Snær gæða persónurnar slíku lífi að áhorfendur njóta hverrar setningar, glennu og grettu til fullnustu .... Spriklandi fimi leikaranna hvort heldur var í hlutverki kvenna eða karla var einstök.“
*–EB Fréttablaðið*

★★★★

„Þeir Hilmir Snær og Stefán brillera í þessari sýningu, nákvæmlega eins og þeir gerðu í lok árs 2000 og allar eru persónurnar eftirminnilegar... eftirminnilegt kvöld með góðu verki og enn betri leikurum.“
*–SGV, Mbl.*

„Það er ekkert af því skafið að ég skemmti mér konunglega!“
*–ÁRJ, Víðsjá, RÚV*

## Stóra sviðið

31. jan kl. 20:30 – Uppselt
3. feb kl. 20:30 – Uppselt
8. feb kl. 20:30 – Uppselt
9. feb kl. 20:30 – Örfá sæti laus
15. feb kl. 20:30 – Uppselt
16. feb kl. 20:30 – Örfá sæti laus

## Samkomuhúsið Akureyri

26. jan kl. 20:00
27. jan kl. 16:00

*Miðasala:*

**551 1200 | midasala@leikhusid.is | leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið er á Facebook, fylgstu með – facebook.com/leikhusid



**HJARTASPAÐAR** „Það er raunar alveg sérstakt, eftir sýninguna, að hugsa sér að hún hafi verið orðlaus, því orðin og tilfinningarnar blómstra í hugum áhorfenda þó að ekkert sé sagt á sviðinu," segir gagnrýnandi. MYND/ ALDÍS FJÓLA PHOTOGRAPHY

# Orðlausir draumar um ástina, vorið og þig

LEIKHÚS ★★★★★

**Hjartaspaðar**
Höfundur: Leikhópurinn Skýjasmiðjan. Helstu hlutverk: Aldís Davíðsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Stefán Benedikt Vilhelmsson. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.
**GAFLARALEIKHÚSIÐ**

Það er hætt við að margir lesi lýsingu á Hjartaspöðum og ákveði að þetta sé ekki sýning við þeirra hæfi. Heilgrímur? Sýning sem er orðlaus með öllu? Og gerist á elliheimili? Hljómar mjög framandi og tormelt.

Það væri þó grundvallarmisskilningur. Hjartaspaðar er ekki vitund tormeltara efni en orðlausa barnaefnið um Klaufabárðana, bara enn þá fyndnara og hefur að auki óvænta dýpt. Vonandi eiga sem flestir eftir að skella sér í Gaflaraleikhúsið og njóta þessarar sjarmerandi sýningar um tvo aldna kumpána sem eru sambýlingar á hjúkrunarheimili og nýja vistmanninn sem kveikir aldeilis í þeim báðum.

Það er raunar alveg sérstakt, eftir sýninguna, að hugsa sér að hún hafi verið orðlaus, því orðin og tilfinningarnar blómstra í hugum áhorfenda þó að ekkert sé sagt á sviðinu. Eftir rúma klukkustund í salnum er áhorfandinn ofurmeðvitaður um allt það ósagða sem býr í þögninni, ekki bara í leikhúsinu heldur í lífinu sjálfu.

Sagan er að sönnu dálítið rykkjótt, sum atriðin eru hreinræktað slappstikk en svo er meiri viðkvæmni og söguþráður inni á milli. En í samhenginu gengur þetta einhvern veginn allt saman upp, því svona er lífið, merking í bland við merkingarleysu.

Grímur leikkonunnar Aldísar Davíðsdóttur eru alveg lygilegar. Þó að þær haggist aldrei virðast þær sífellt skipta svipbrigðum eftir þrautpældri líkamstjáningu leikaranna og því hvernig lýsing Sune Joenssen fellur á þær. Persónurnar munu lengi lifa í hugskotum áhorfenda.

Fremst meðal jafningja voru Orri Huginn Ágústsson í hlutverki annars öldungsins og grímugerðarkonan Aldís, sem steig á svið í hlutverki nýja vistmannsins sem allt hverfist um. Orri Huginn hlýtur raunar að fá einhvers konar verðlaun fyrir óviðjafnanlega frammistöðu í ástaratriði með bara einum þátttakanda.

Stefán Benedikt Vilhelmsson var líka góður í hlutverki hins gamlingjans, þótt líkamstjáning hans minnti að vísu stundum á ungan mann að leika ellibelg. Hlutverk starfsfólks hjúkrunarheimilisins voru í höndum Ernu Bjarkar Einarsdóttur, Klæmints H. Isaksen og Álfrúnar Gísladóttur og verða mjaðmahnykkir þeirrar síðastnefndu í hlutverki hjúkrunarfræðingsins lengi í minnum hafðir.

Leikmyndin var látlaus en þjónaði hlutverki sínu ágætlega. Í orðlausri sýningu er tónlistin jafnvel stærri hluti af upplifuninni en ella, en hér var hún var vel unnin og hrífandi, kom oft á óvart og stef Eggerts Hilmarssonar var dillandi skemmtilegt.

Leikstjórinn Ágústa Skúladóttir er lunkin við svona vinnu. Þarna er hún í essinu sínu og sýningin er algjör gullmoli. Þó að sögusviðið sé elliheimili er sagan í raun við hæfi allra sem komnir eru af yngsta stigi grunnskólans, öll fjölskyldan getur notið sýningarinnar og velt fyrir sér hlutskipti þeirra okkar sem eru svo lánsöm að eldast. Einungis eru fyrirhugaðar fjórar sýningar, en vonandi verður framhald þar á. Væri ekki líka gráupplagt að matreiða öldrunarheimilið Grafarbakka ofan í þá ferðamannafjöld sem hér er árið um kring?

**Arndís Þórarinsdóttir**

**NIÐURTAÐA:** Óvenjuleg og heillandi leikhúsupplifun, bráðfyndin með hlýjum undirtónum.



**DAN BROWN** Hefur skrifað spennusögur um kaþólsku kirkjuna, Leonardo Da Vinci og frímúraraegluna en bætir nú við bók um Dante.

# Dan Brown skrifar um Gleðileik Dantes

## Dulmálsfræðingurinn Robert Langdon snýr aftur.

Dan Brown, höfundur metsölubóka á borð við Da Vinci lykilinn og Engla og djöfla, sendir frá sér nýja bók um miðjan maí næstkomandi. Sú nefnist Inferno, eða Víti eins og það útleggst á íslensku. Bókin gerist á Ítalíu og í henni rannsakar dulmálsfræðingurinn Robert Langdon mál þar sem Hinn guðdómlegi gleðileikur Dantes er í forgrunni. Tilkynnt var um útgáfu bókarinnar í gær.

„Þótt ég hafi kynnst Dante á námsárum mínum var það ekki fyrr en nýlega þegar ég var við rannsóknir sem ég áttaði mig á því hvers víðtæk áhrif verk hans hafa haft á nútímann," er haft eftir Brown í fréttatilkynningu og lofar hann lesendum spennuþrunginni sögu þar sem dulmálslyklar og tákn koma við sögu.

Dan Brown er einn alvinsælasti rithöfundur heims. Da Vinci lykillinn hefur selst í um 82 milljónum eintaka en síðasta bók hans, Týnda táknið, hefur verið prentuð í yfir 30 milljónum eintaka á mörgum tungumálum.

Bjartur hefur gefið út fyrri bækur Dans Brown hér á landi og hefur tryggt sér útgáfuréttinn á Víti. Samkvæmt upplýsingum frá forlaginu verður bókin send til þýðenda von bráðar og kemur hún því væntanlega út á íslensku fljótlega eftir útgáfu á frummálinu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 16. JANÚAR 2013**

### Tónleikar

**21.00** Hljómsveitin Óregla leikur á Café Rosenberg. Aðgangseyrir kr. 1.000.

### Kvikmyndir

**16.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kínversku kvikmyndina Mulan eftir Jingle Ma og Wei Dong. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Dans

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara, að Stangarhyl 4. Stjórn verður í höndum Matthildar og Jóns Freys.

### Fyrirlestrar

**12.00** Hjörleifur Stefánsson arkitekt heldur erindi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Erindið ber heitið Norræn áhrif í íslenskri byggingarlist á fyrri öldum og er það hluti af fyrirlestrarröðinni Hinar ýmsu hliðar norræns samstarfs. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Einar Torfi Finnsson ferðagarpur segir frá kynnum sínum af Marokkó á Stefnumótakaffi í Gerðubergi. Kvöldið ber yfirskriftina Frá eyðimörk til Atlasfjalla og aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

POTTURINN STEFNIR Í
100.000.000
+650.000.000

750 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 750.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir,
Ofurpotturinn í 650 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

SÖLU LÝKUR KL. 17



FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 16. JANÚAR 2013

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# FARTÖLVUR

**TOSHIBA**
TOS SAT L855-14W



## VINSÆLASTA INTEL i7 FARTÖLVAN OKKAR !

Ein bestu kaupin. 4 kjarnar og þriðju kynslóðar Intel i7 örgjörvi. 15,6" skjár og Intel HD 4000 Graphics skjákort. 4GB 1600MHz vinnsluminni sem er stækkanlegt í 16GB. Stór 500GB hljóðlátur harður diskur. Kemur uppsett með Windows 8.

**139.990**

### WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

PROMENNT



### LÉTT OG ÞUNN MEÐ INTEL i3

15,6" skjár og öflugur örgjörvi. Létt, þunn og meðfærileg. Ræsir sig aðeins á nokkrum sekúndum með Instant On tækni.

ASUS ASUS X501A-XX214H

**99.990**



### HVÍT OG STÍLHREIN

**TOSHIBA**
TOS SAT L830-13G

Mjög skemmtilega hönnuð og sterkbyggð hvít 13,3" fartölva með Intel i3 örgjörva. Löng rafhlöðuending í allt að 6,5 tíma. 500GB harður diskur og 4GB vinnsluminni.

**119.990**



15,6"

### RAUÐ MEÐ INTEL PENTIUM

**TOSHIBA** TOS SAT C855-1U8

15,6" með 6 GB vinnsluminni og 640GB diski. Margfaldur hraði í gegnum USB 3.0 og HDMI tengi fyrir sjónvarp og hljómtæki.

**109.990**

### HAGKVÆM 15,6"




ASUS ASUS F501A-XX121V

Þessi fer hratt. Einstakt verð vegna magnkaupa. Hentar í alla hefðbundna tölvuvinnslu með Intel örgjörva.

**69.990**



### INTEL DUAL CORE OG WINDOWS 8

**TOSHIBA**
TOS SAT C850-19D

Hagkvæmasta Windows 8 fartölvan með 15,6" skjá. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 320GB harður diskur.

**79.990**

tl.is

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Stórar Eurovision-stjörnur á svið Hörpu

Pink Iceland stendur fyrir Eurovision-tónleikum á Rainbow Reykjavík-hátíðinni um mánaðamótin næstu. Söngvararnir eru margreyndir.

„Þetta verður æðislega stór og umfangsmikil hátíð og við höfum fundið fyrir gríðarlegum meðbyr úr öllum áttum, sem er auðvitað frábært. Það má segja að þetta sé hálfgert vetrar-pride fyrir fólk til að lyfta sér upp í skammdeginu,“ segir Hannes Páll Pálsson hjá Pink Iceland.

Pink Iceland stendur fyrir hátíðinni Rainbow Reykjavík í annað sinn dagana 31. janúar til 3. febrúar næstkomandi. Reiknað er með um sjötíu erlendum gestum á hátíðina, sem samanstendur af margs konar viðburðum og ferðum um landið. „Þeir sem kaupa sig inn á alla hátíðina þurfa í raun ekki að hugsa um neitt. Það er stjanað við þá frá morgni til kvölds,“ segir Hannes og bætir við að þeir séu ekki margir Íslendingarnir sem kaupa sig inn í allan pakkann, en þeir séu þó afar duglegir að láta sjá sig á einstaka viðburðum.

Hátíðin fer fram í Reykjavík og á Suðurlandi þar sem sem boðið verður upp á dagsferðir. Hápunkturinn verður svo föstudagskvöldið 1. febrúar þegar öllum verður safnað saman í sal Silfurbergs í Hörpu á Eurovision-tónleika. Þar mæta á svið nokkrar af okkar helstu Eurovision-stjörnum og taka nokkra af slögurum keppninnar í gegnum tíðina. Eurobandið sér um undirleik og Páll Óskar, Sigga Beinteins, Hera Björk, Friðrik Ómar og Regína Ósk um sönginn. „Þegar við fórum að hugsa um vini okkar í söngbransanum og hverja við vildum fá á tónleikana þá komu þeirra nöfn upp. Palli, Sigga og Friðrik eru auðvitað öll samkynhneigð og svo eru Hera Björk og Regína Ósk algjör „gay-idol“. Þarna vorum við því komin með stórkostlegt fólk á lista. Þegar við svo áttuðum okkur á því að öll höfðu þau tekið þátt í Eurovision ákváðum við að fara í þá átt að halda risastórt Eurovision-partí,“ segir hann.

Rúmlega 500 miðar eru í boði á tónleikana, sem verða standandi. Þeir eru þegar komnir í sölu á Midi.is og Harpa.is og Hannes leggur áherslu á að allir séu velkomnir, óháð Eurovision-áhuga og kynhneigð, en Pink Iceland sérhæfir sig í ferðaþjónustu og viðburðastjórnun fyrir samkynhneigða. „Við vinnum fyrst og fremst undir þeim merkjum að búa til aðstæður þar sem okkar fólki líður vel, en við leggjum samt sem áður áherslu á að allir séu velkomnir,“ segir hann.

tinnaros@frettabladid.is



**ALLIR VELKOMNIR** Hannes Páll leggur áherslu á að allir séu velkomnir á viðburði Pink Iceland, sem sérhæfir sig í ferðaþjónustu og viðburðastjórnun fyrir samkynhneigða.



**TAKA LAGIÐ** Þau Sigga, Friðrik, Regína og Hera halda uppi stuðinu á Eurovision-tónleikum Pink Iceland í Silfurbergi, ásamt Páli Óskari og Eurobandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Verður jafn stórt og Gay pride



„Eurobandið á lagalista sem telur yfir 60 lög og ef ég þekki þennan hóp flytjenda rétt kunnum við þau öll utanbókar. Við þurfum því bara að fara yfir listann og velja úr. Þetta verður bara risadjamm á sviðinu,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, sem verður á sviðinu á Eurovision-tónleikunum í Hörpu. „Mér líst rosalega vel á þetta og er mjög spenntur, bæði fyrir tónleikunum og líka fyrir hátíðinni sjálfri,“ segir hann. „Ég hef trú á að með Rainbow Reykjavík-hátíðinni sé Pink Iceland að sá fræi sem stækkar með árunum og verður á endanum jafn stórt og Gay Pride er á sumrin,“ bætir hann við.

Páll Óskar er einn mesti Eurovision-spekingur landsins og frá árinu 2003 hefur hann haldið stór Eurovision-böll á skemmtistaðnum Nasa kvöldið sem aðalkeppnin fer fram. Á því verður þó breyting í ár í ljósi þess að búið er að loka staðnum. „Mig dreymir um að halda tvo viðburði í Reykjavík á árinu, Eurovision-ballið og Gay Pride-ballið. Einmitt núna hef ég ekki hugmynd um hvernig það fer en ég er að leita logandi ljósi að hentugum ballstað í miðbænum,“ segir hann.

Komdu á frumsýningu í dag
20% sparneytnari og enn öruggari Mazda6 á frábæru verði




Mazda6 kostar aðeins frá 4.390.000 kr.
Glæsilegur staðalbúnaður, m.a. snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), 17” álfelgur, Bluetooth, nálægðarskynjarar, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 l Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 l mazda.is

## Athyglin er martröð

**Leikkonan Rooney Mara líkir því við martröð að ganga rauða dregilinn. Mara vakti mikla athygli fyrir leik sinn sem Lisbeth Salander í enskri útgáfu myndarinnar The Girl With the Dragon Tattoo.**

**„Ég bíð eftir því að fá kvíðakast á rauða dreglinum. Mér finnst ekki einu sinni gaman þegar fólk syngur afmælissönginn fyrir mig. Svo þarf ég að ganga eftir þessum dregli, umkringd öskrandi ljósmyndurum. Yfirleitt er veisla við hinn enda dregilsins þannig að það er ekki eins og hlutirnir verði betri, þá þarf ég að ganga inn í næstu martröð," segir leikkonan í viðtali við Vogue.**



**MARTRÖÐ** Rooney Mara líkir rauða dreglinum við martröð.

# Frískleg raftónlistarplata

TÓNLIST ★★★☆☆

**Tanya & Marlon**
Quillock
**MÖLLER**



Frændsystkinin Tanya og Marlon Pollock hafa starfað saman í tónlist frá því að þau voru tólf ára, lengst af sem dúettinn Anonymous. Undir því nafni lentu þau í þriðja sæti á Músíktilraunum árið 2001. Jafnframt hafa þau gefið út efni og spilað opinberlega undir nafninu PLX. Tanya var á meðal stofnenda Weirdcore-hópsins og er í dag hans helsti forsvarsmaður. Quillock er fyrsta plata þeirra undir nafninu Tanya & Marlon. Þetta er EP-plata með fimm nýjum lögum og tveimur endurgerðum af laginu Mellowish, önnur er eftir Atom Max og hin eftir Bypass.

Tónlistin á Quillock er hæggeng og stemningsfull raftónlist, mun rólegri en PLX-efnið. Í sumum lögunum má heyra umhverfishljóð í bakgrunni. Þannig heyrist barnaraddir í tveimur fyrstu lögunum, Melodies og Mellowish. Lögin sjö á plötunni mynda sterka heild. Þau eru samtengd, barnaraddirnar tengja tvö fyrstu lögin og stefið úr Mellowish kemur aftur og aftur þar sem útgáfunum af laginu er dreift um plötuna. Quillock er mjög fín plata. Hljóðheimurinn á henni er ekki byltingarkenndur en samt hljómar hún fersk. Platan er tónlist af þessu tagi ofhlaðin en hér er mátulega í lagt. Hljóðblöndunin er líka fyrsta flokks og endurgerðirnar bæta við fjölbreytnina, án þess að stinga algerlega í stúf við annað efni plötunnar.

Á heildina litið er Quillock mjög vel heppnuð EP-plata. Enn ein fín íslensk raftónlistarplata frá árinu 2012

Trausti Júlíusson

**NIÐURSTAÐA:** Frændsystkinin Tanya og Marlon Pollock með fína raftónlistarplötu í rólegri kantinum.









**DIMMA** Þungarokkararnir halda útgáfutónleika í Hörpu á fimmtudaginn.

# Sprengjur, ljós og læti hjá Dimmu í Hörpu

„Þarna verður topphljóðkerfi og sprengju- og ljósasýning. Það er búið að fá sprengjuleyfi, það er komið í gegn,“ segir Ingó Geirdal úr Dimmu.

Þungarokkssveitin heldur útgáfutónleika í Norðurljósasal Hörpu á fimmtudag til að kynna þriðju plötu sína, Myrkraverk, sem er sú fyrsta frá sveitinni sem er alfarið sungin á íslensku. Tvö lög af henni hafa ratað inn á topp 20 á Rás 2, Sólmyrkvi og Þungur kross.

Á tónleikunum verður Myrkraverk leikin í heild sinni ásamt völdum lögum af fyrri plötunum. Tónleikarnir verða mynd- og hljóðritaðir með sjónvarpsþátt og/eða útgáfu á mynddiski í huga.

Dimma verður fyrsta þungarokkssveitin til að halda eigin tónleika í Hörpu. Ekkert aldurstakmark er á tónleikana og verða eingöngu seldir miðar í sæti.

Tvennir útgáfutónleikar til viðbótar eru fyrirhugaðir; fyrst á Mælifelli á Sauðárkróki 18. janúar og síðan á Græna hattinum á Akureyri kvöldið eftir ásamt Sólstöfum.

**- fb**

# Hjaltalín með plötu ársins

Hjaltalín á plötu ársins, Enter 4, og Háa C með Moses Hightower er lag ársins hjá blaðinu Reykjavík Grapevine, sem veitti fyrir skömmu sín fyrstu tónlistarverðlaun.

Í dómnefnd var útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson, Kamilla Ingibergsdóttir hjá Iceland Airwaves og Robert Cluness, tónlistarblaðamaður hjá Grapevine. Gusgus var kjörin besta tónleikasveitin, Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson áttu vanmetnustu plötu ársins (The Box Tree) og Muck var valin sú sveit sem þarf að fylgjast með árið 2013. Botnleðja hlaut titilinn „Hljómsveit sem vert er að muna!“.



**ANDRI FREYR** veitir Moses Hightower verðlaun fyrir lagið Háa C.

# Opnað fyrir Wacken Metal



**SIGURVEGARAR** Gone Postal vann Wacken Metal Battle í fyrra.

Opnað hefur verið fyrir þátttöku í hljómsveitakeppninni Wacken Metal Battle 2013. Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar en íslenska undankeppnin verður haldin 6. apríl.

Sigurvegarinn kemur fram á tónlistarhátíðinni Wacken Open Air í Norður-Þýskalandi. Þetta verður í fimmta sinn sem undankeppnin er haldin á Íslandi. Gone Postal vann keppnina í fyrra. Hljómsveitin sem vinnur lokakeppnina í Þýskalandi fær útgáfusamning við Nuclear Blast Records, hljóðfæri og græjur. Nánari upplýsingar má finna á metal-battle.com og á facebook.com/wackenmetalbattleiceland.


















NAOMI WATTS EWAN McGREGOR

# THE IMPOSSIBLE

A FILM BY J. A. BAYONA






NAOMI WATTS
TILNEFND TIL
GOLDEN GLOBE
VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA
Í AÐALHLUTVERKI

## NAOMI WATTS
## TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
## SEM BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

**100/100**
„Ógnvænlega vel gerð.“
VARIETY

**100/100**
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“
NEW YORK OBSERVER

**100/100**
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn“
The Hollywood Reporter

★★★★
„Ein af betri myndum ársins 2012.“
Mbl.

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

# Komin í bíó

SAMBÍÓIN

HANDBALL 2013

## A RIÐILL

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **Túnis - Svartfjallaland** | **20-32 (11-17)** |
| **Þýskaland - Argentína** | **31-27 (17-13)** |
| **Frakkland - Brasilía** | **27-22 (12-5)** |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 3 | 3 | 0 | 0 | 89-69 | 4 |
| Túnis | 3 | 2 | 0 | 1 | 79-78 | 4 |
| Þýskaland | 3 | 2 | 0 | 1 | 87-75 | 4 |
| Brasilía | 3 | 1 | 0 | 2 | 69-80 | 2 |
| Argentína | 3 | 1 | 0 | 2 | 75-81 | 2 |
| Svartfjallal. | 3 | 0 | 0 | 3 | 71-87 | 0 |

**Í DAG**
**15.00 Brasilía - Túnis**
**17.30 Þýskaland - Svartfjallaland**
**Sýndur á Stöð 2 Sport 3**
**19.45 Argentína - Frakkland**

## B RIÐILL

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **Katar - Rússland** | **22-29 (13-16)** |
| **Makedónía - Ísland** | **19-23 (10-10)** |

**Mörk Makedóníu (skot):** Stojance Stoilov 5 (6), Dejan Manaskov 5 (9), Kiril Lazarov 4/2 (12/2), Filip Mirkulovski 2 (5), Naumce Mojsovski 2 (5), Velko Markoski 1 (1), Vanco Dimovski (1), Milan Levov (1), Filip Lazarov (1),

**Varin skot:** Borko Ristovski 18 (40/5, 45%), Nikola Mitrevski (1/1, 0%).

**Hraðaupphlaup:** 7. **Fiskuð víti**: 2.

**Utan vallar:** 6 mínútur.

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 9/5 (12/5), Þórir Ólafsson 5/1 (6/1), Aron Pálmarsson 5 (13), Vignir Svavarsson 3 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (4), Ernir Hrafn Arnarson (1), Ólafur Gústafsson (1), Róbert Gunnarsson (2), Snorri Steinn Guðjónsson (2), Kári Kristján Kristjánsson (2),

**Varin skot:** Björgvin P. Gústavsson 18 (37/2, 49%),

**Hraðaupphlaup:** 6 (Vignir 3, Guðjón Valur 1, Þórir 1, Aron 1)

**Fiskuð víti:** 6 (Guðjón Valur 1, Aron 1, Ásgeir Örn 1, Snorri Steinn 1, Kári Kristján 2)

**Utan vallar:** 6 mínútur.

| | |
|---|---|
| **Danmörk - Síle** | **43-24 (17-13)** |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | 3 | 3 | 0 | 0 | 115-78 | 6 |
| Rússland | 3 | 2 | 0 | 1 | 86-78 | 4 |
| Ísland | 3 | 2 | 0 | 1 | 86-71 | 4 |
| Makedónía | 3 | 2 | 0 | 1 | 83-81 | 4 |
| Katar | 3 | 0 | 0 | 3 | 79-104 | 0 |
| Síle | 3 | 0 | 0 | 3 | 74-111 | 0 |

**Í DAG**
**14.45 Makedónía - Rússland**
**Sýndur á Stöð 2 Sport & HD**
**17.00 Síle - Katar**
**19.15 Ísland - Danmörk**
**Sýndur á Stöð 2 Sport & HD**

## C RIÐILL

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **S-Kórea - Hv.-Rússland** | **20-26 (10-12)** |
| **Serbía - Sádi-Arabía** | **30-20 (12-10)** |
| **Slóvenía - Pólland** | **25-24 (11-14)** |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Serbía | 3 | 3 | 0 | 0 | 95-70 | 6 |
| Slóvenía | 3 | 3 | 0 | 0 | 91-73 | 6 |
| Pólland | 3 | 2 | 0 | 1 | 76-61 | 4 |
| Hv. Rússland | 3 | 1 | 0 | 2 | 76-78 | 2 |
| S. Kórea | 3 | 0 | 0 | 3 | 69-91 | 0 |
| S. Arabía | 3 | 0 | 0 | 3 | 56-90 | 0 |

## D RIÐILL

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **Alsír - Egyptaland** | **24-24 (12-16)** |
| **Spánn - Ástralía** | **51-11 (24-6)** |

**Með þessum sigri jafnaði Spánn tíu ára gamalt met Íslands sem vann Ástralíu með þessum sama mun, 40 mörkum, á HM í Portúgal. Eru þetta því stærstu sigrarnir í sögu HM.**

| | |
|---|---|
| **Króatía - Ungverjaland** | **30-21 (15-11)** |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | 3 | 3 | 0 | 0 | 107-49 | 6 |
| Króatía | 3 | 3 | 0 | 0 | 87-45 | 6 |
| Ungverjaland | 3 | 2 | 0 | 1 | 87-56 | 4 |
| Egyptaland | 3 | 0 | 1 | 2 | 71-85 | 1 |
| Alsír | 3 | 0 | 1 | 2 | 58-82 | 1 |
| Ástralía | 3 | 0 | 0 | 3 | 37-130 | 0 |

2 SPORT HD

**Í DAG**
**14.50 Makedónía - Rússland**
**17.20 Þýskaland - Svartfjallal. (Sport 3)**
**18.10 Þorsteinn J og gestir**
**19.10 Ísland - Danmörk**
**21.20 Þorsteinn J og gestir**
**22.20 HM samantekt**



**BÍDDU, ERU ÞIÐ EKKI Í SAMA LIÐI?** Kári Kristjánsson togar hér óvart í Aron Pálmarsson í leiknum í gær en strákarnir gáfu allt í vörnina sem var frábær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslensku víkingarnir mættir

Stórkostlegur varnarleikur lagði grunninn að 23-19 sigri Íslands gegn Makedóníu á HM á Spáni. Sæti í 16 liða úrslitum er tryggt. Fyrirliðinn hefur tröllatrú á liðinu fyrir stórleikinn gegn Dönum í kvöld.

**HM 2013 Á SPÁNI**



**Sigurður Elvar Þórólfsson** seth@365.is
**Vilhelm Gunnarsson** villi@365.is

„Vörnin var í heimsklassa," sagði Aron Pálmarsson leikmaður íslenska handboltalandsliðsins eftir 23-19 sigur liðsins gegn Makedóníu á heimsmeistaramótinu á Spáni í gærkvöld. Með sigrinum steig Ísland stórt skref í átt að 16-liða úrslitum og spennandi hlutir gætu átt sér stað ef liðið heldur áfram á sömu braut. Lið Makedóníu átti engin svör í sóknarleiknum gegn vörn Íslands þar sem að Sverre Jakobsson og Vignir Svavarsson stóðu vaktina af miklum myndarskap.

### Slökkt á bestu skyttu heims

Það var stórkostlegt að fylgjast með varnarleik Íslands í gær. Ein besta skytta heims, Kiril Lazarov, var gjörsamlega tekinn út úr leiknum. Íslensku „víkingarnir" fögnuðu eins og villimenn í hvert sinn sem vörnin náði markmiðum sínum. Makedóníumenn skoruðu ekki mark fyrstu tíu mínúturnar í leiknum og það sama var uppi á teningnum í upphafi þess síðari. Sverre og Vignir voru í „ham" og Aron sýndi að hann er sjálfur frábær varnarmaður þótt sóknarleikur hans sé „vörumerki".
Aron Kristjánsson og Gunnar Magnússon, aðstoðarmaður hans, höfðu svör við öllum aðgerðum Makedóníu í sóknarleiknum – en það er verk að vinna að fá upp sama sjálfstraust í sóknarleik íslenska liðsins.

Aðeins fimm leikmenn náðu að skora í gær og ekkert mark kom af línunni, sem er fréttaefni þegar íslenska landsliðið á í hlut. Kári Kristján Kristjánsson náði aðeins tveimur skotum á markið og hann nýtti hvorugt og Róbert Gunnarsson, sem hefur glímt við meiðsli, náði einu skoti að marki sem fór einnig forgörðum.

Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði, vildi ekki draga stórar ályktanir af sóknarleik liðsins í leikslok í gær. „Ég held að þetta sé ekki eins slæmt og margir halda. Við erum að skapa okkur færi og möguleika og það er jákvætt. Það má ekki alveg drepa sóknarleikinn hjá okkur, við erum að fá á okkur dóma sem voru skrítnir. Sóknarleikurinn er ekki stóra áhyggjumálið," sagði Guðjón Valur en hann var markahæstur með 9 mörk, þar af 4 úr vítum. Í stöðunni 22-19 tók Aron þjálfari leikhlé, lagði á ráðin gegn framliggjandi vörn Makedóníumanna, og rétt um 90 sekúndur lifðu af leiknum. Guðjón Valur og Snorri Steinn Guðjónsson tóku við keflinu þar sem Snorri fékk boltann og gaf á Guðjón sem var á auðum sjó – og tryggði sigurinn. Glæsileg flétta hjá reynsluboltunum í liðinu.

Ásgeir Örn Hallgrímsson var afar sáttur við vörnina og sagði hana minna á gamla og góða tíma.

### Varnarleikurinn bjargaði öllu

„Við vorum svo hrikalega slakir í sókninni í fyrri hálfleik að varnarleikurinn bjargaði öllu ásamt markvörslunni hjá Björgvini. Það var gott að við fengum rétta andann í liðið og þetta minnti mig á gamla og góða tíma. Ég var alls ekki nógu góður í sókninni og það er ekki gott fyrir liðið ef það eru fáir sem leggja í „púkkið" í sóknarleiknum. Þetta var nánast alveg eins og gegn Rússum hjá mér, það var eins og ég væri í 5. flokki. Við þurfum að finna eitthvað út úr þessu og leysa þetta. Makedóníumenn komu ekki með neitt nýtt til þess að leysa það sem við ætluðum okkur að gera. Þeir vissu bara ekkert hvað þeir áttu að gera," sagði Ásgeir Örn.

### Allt þarf að ganga upp

Í kvöld mætir Ísland liði Dana og þar þarf allt að ganga upp í sókn sem vörn ætli Ísland sér sigur. Danir voru heppnir með leikjauppröðun mótsins og í gær gátu þeir leyft sér að hvíla lykilmenn í stórsigri gegn Síle, 43-24. Danir eru ógnarsterkir en þrátt fyrir það eru íslensku leikmennirnir sannfærðir um að þeir geti lagt Dani að velli. „Þeir eru með vel mannað lið, skemmtilegt lið, alltaf hörkuleiki og ég hlakka til. Við getum unnið þá, það er enginn vafi í mínum huga," sagði Guðjón Valur Sigurðsson.

# Ég var bara í einhverjum „ham"

Sverre Jakobsson og félagar í íslensku vörninni fóru mikinn á móti Makedóníumönnum á HM á Spáni í gær.

**HANDBOLTI** Sverre Jakobsson lamdi duglega á sóknarmönnum Makedóníu og um miðjan síðari hálfleik kom upp skemmtilegt atvik þar sem hann stöðvaði Naumche Mojsovski sem féll í gólfið. Íslenska varnartröllið brosti og hló, reif mótherjann upp af gólfinu og faðmaði hann. Skokkaði síðan til baka á sinn stað í vörninni og hélt áfram.

„Við náðum að gera nákvæmlega það sem við ætluðum okkur í vörninni. Ég veit ekki hvað gerist í svona leikjum en ég var bara í einhverjum „ham" og ég vildi bara fá nóg að gera. Ég var alltaf sannfærður um að okkur tækist að stöðva þá. Við vorum búnir að ákveða hvernig við myndum „tækla" Kiril Lazarov, við fögnuðum og náðum upp þessum anda sem til þarf í svona leiki. Það hefur mikið verið rætt um að marga leikmenn vanti í hópinn og mér finnst það hafa þjappað okkur saman. Þessir ungu eru að koma sterkir inn, það er líf á varamannabekknum – við erum komnir hingað til þess að njóta en einnig til þess að ná árangri."

„Ég var ekki að hugsa of mikið um það sem á eftir að gerast í leikjunum, en ég fékk það hlutverk að fara út í Kiril Lazarov í flestum þeirra leikkerfum og „klára" hann. Mér fannst við gera það bara mjög vel. Vörnin var í heimsklassa og vinnslan á þeim Sverre (Jakobssyni) og Vigni (Svavarssyni) er ómetanleg fyrir okkur alla," sagði Aron Pálmarsson. Björgvin (Gústavsson) var frábær í markinu – ef við fáum á okkur 19 mörk þá eigum við ekki að tapa leik. Makedónía er með hörkulið – og við vorum ekkert að hvíla okkur mikið í varnarleiknum, þetta var hrikalega erfitt."

**- seth**



**GRIMMIR OG ÁKVEÐNIR** Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Jakobsson fagna hér sigri á Makedóníu í gær. Báðir áttu flottan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


23rd IHF MEN'S WORLD CHAMPIONSHIP
HANDBALL 2013
SPORT HD
Í KVÖLD KL. 19.10
ÍSLAND
DANMÖRK
VIÐ TRÚUM Á SIGUR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS
ÞORSTEINN J. OG GESTIR
Þorsteinn J. sér um umfjöllun fyrir og eftir leiki ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sport, Geir Sveinssyni og Guðjóni Guðmundssyni, og fleiri góðum gestum.
#HM2013
VÍS
Arion banki
VALITOR
ICELANDAIR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



SNORRI STEINN Skoraði 33 mörk í þremur stórmótaleikjum á móti Dönum 2006-2008. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stríðin gegn Dönunum

**HANDBOLTI** Ísland hefur spilað þrettán leiki við Dani á stórmótum og aðeins náð að vinna þrjá þeirra. Allir sigrarnir hafa hins vegar verið stórglæsilegir, allt frá því að íslenska liðið vann níu marka sigur á Dönum í Luzern á HM í Sviss 1986 þar til það vann fimm marka sigur á EM í Austurríki 2010.

Það vekur athygli að Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur í þremur æsispennandi leikjum frá 2007-2008 þar sem munaði aðeins einu marki á liðunum en hann skoraði 33 mörk í þessum þremur leikjum, 11 að meðaltali í leik. - óój

**SÆTIR SIGRAR**

**5 MARKA SIGUR Á EM 2010 (27-22)**
- þriðji leikur í riðlakeppni
- Guðjón Valur Sigurðsson 6 mörk

**9 MARKA SIGUR Á HM 1986 (25-16)**
- leikur í milliriðli
- Atli Hilmarsson 8 mörk

**5 MARKA SIGUR Á HM 1993 (27-22)**
- leikur í milliriðli
- Geir Sveinsson 7 mörk

**ALLT Í JÁRNUM**

**32-32 JAFNTEFLI Á ÓL 2008**
- fjórði leikur í riðlakeppni
- Snorri Steinn Guðjónsson 8 mörk

**1 MARKS TAP Á HM 2007 (41-42)**
- 8 liða úrslit, framlenging
- Snorri Steinn Guðjónsson 15 mörk

**28-28 JAFNTEFLI Á EM 2006**
- annar leikur í riðlakeppni
- Snorri Steinn Guðjónsson 10 mörk

**1 MARKS TAP Á HM 1961 (13-14)**
- leikur um fimmta sætið
- Gunnlaugur Hjálmarsson 6 mörk

**SÚR TÖP**

**7 MARKA TAP Á EM 2002 (22-29)**
- leikur um bronsið

**2 MARKA TAP Á EM 2000 (24-26)**
- fjórði leikur í riðlakeppni

**7 MARKA TAP Á HM 1978 (14-21)**
- annar leikur í riðlakeppni

**2 MARKA TAP Á HM 1974 (17-19)**
- þriðji leikur í riðlakeppni

**6 MARKA TAP Á HM 1970 (13-19)**
- annar leikur í riðlakeppni

**11 MARKA TAP Á HM 1961 (13-24)**
- fyrsti leikur í riðlakeppni



1.503 LANDSLIÐSMÖRK Í 338 LEIKJUM Lars Christiansen tekur hér vítakast í leik á móti Þjóðverjum á Evrópumótinu í Serbíu fyrir ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Barátta litla og stóra bróður

Leikja- og markahæsti leikmaður Dana frá upphafi telur að Íslendingar eigi erfitt verkefni fyrir höndum gegn Dönum í kvöld. Lars Christiansen spáir Dönum heimsmeistaratitlinum.

**HM 2013 Á SPÁNI**



Sigurður Elvar Þórólfsson seth@365.is
Vilhelm Gunnarsson villi@365.is

Lars Christiansen er leikjahæsti leikmaður danska landsliðsins frá upphafi en hann er í öðru hlutverki að þessu sinni á HM á Spáni. Christiansen er handboltasérfræðingur hjá danska ríkissjónvarpinu en hann hætti að spila með landsliðinu í fyrra eftir að hafa leikið 338 leiki og skorað 1.503 mörk. Christiansen ræddi við Fréttablaðið í Sevilla í gær þar sem hann fór yfir eftirminnilega leiki gegn Íslendingum og hvaða möguleika hann sæi í stöðunni fyrir viðureign Íslendinga og Dana sem fram fer í kvöld.

„Ég man ekki hvað ég hef spilað marga landsleiki gegn Íslandi en margir þeirra hafa verið eftirminnilegir. Það eru tveir leikir sem standa upp úr. Leikurinn um þriðja sætið gegn Íslandi á Evrópumeistaramótinu árið 2002 í Svíþjóð – þar náðum við verðlaunasæti í annað sinn á stórmóti. Og hinn leikurinn var í Álaborg í undankeppni fyrir HM 1997 í Japan. Þar höfðu Íslendingar betur og skildu okkur eftir með sárt ennið – ég gleymi þeim leik aldrei og það var erfitt að sitja heima og fylgjast með HM það árið,“ sagði Christiansen, sem lék með Flensborg í Þýskalandi frá árinu 1996 til 2010. „Það er alltaf rígur þegar Ísland og Danmörk mætast í handboltalandsleik – eins og barátta hjá litla og stóra bróður.

**Íslendingar gefast aldrei upp**

„Danir bera alltaf virðingu fyrir íslenska landsliðinu í handbolta og það hefur ekkert breyst þrátt fyrir að það vanti marga lykilmenn í íslenska liðið á þessu móti. Ísland er með marga unga leikmenn sem þurfa að axla meiri ábyrgð en áður. Liðið er þrátt fyrir það sterkt og gæti alveg náð í átta liða úrslit. Ég spái því að Danir verði heimsmeistarar, Spánverjar í öðru, Frakkar í þriðja og Ungverjar í fjórða. Ég verð því að setja Íslendinga í fimmta sætið en það gæti reynst þeim erfitt því það þarf mikla breidd í leikmannahópinn ef lið ætla sér að ná langt í svona keppni – HM er nánast eins og hraðmót.“

„Íslendingar hafa náð stórkostlegum árangri sem handboltaþjóð og það er stórmerkilegt að svona fámenn þjóð geti búið til svona marga góða leikmenn. Það sem hefur einkennt Íslendinga í gegnum tíðina er samstaða þeirra og barátta í vörninni. Þeir gefast aldrei upp og ég fékk oft að finna heldur betur fyrir því. Það hafa öll lið fengið að kenna á hörkunni hjá íslenskum leikmönnum – þeir gefa aldrei neitt eftir,“ sagði Christiansen og brosti.

„Danir eru aðeins öðruvísi þenkjandi og við höfum oft brennt okkur á því gegn Íslendingum og vanmetið samstöðu þeirra og styrk.

Hvað varðar leikinn í kvöld þá held ég að Danir landi sigri eftir mikla baráttu. Mikkel Hansen hefur fengið að hvíla í tveimur leikjum fram til þessa og Ulrik Wilbek hefur einnig skipt leiktíma annarra leikmanna mjög jafnt á milli þeirra. Breiddin er gríðarleg í danska liðinu og hefur sjaldan verið meiri. Varnarleikurinn er aðalstyrkur danska liðsins og markverðirnir eru báðir í heimsklassa – Niklas Landin er að mínu mati einn sá besti í heiminum í dag,“ sagði Christiansen, en hann telur að Ísland eigi erfitt með að gera Dönum lífið leitt í Sevilla í kvöld.

**Tveir Íslendingar í heimsklassa**

„Það eru gæðaleikmenn í heimsklassa í íslenska liðinu, eins og Guðjón Valur Sigurðsson og Aron Pálmarsson. Markvarslan hefur oft verið vandamál hjá Íslendingum en þeir eiga betri markverði en áður. Ef Ísland nær upp góðri vörn sem skilar af sér hraðaupphlaupum geta þeir unnið hvaða lið sem er. Fá lið útfæra hraðaupphlaup sín betur en Íslendingar,“ sagði Lars Christiansen.

## Við getum unnið Danina segir Aron Kristjánsson

„Við þurfum að safna kröftum fyrir leikinn gegn Dönum. Það er mikið álag á lykilmönnum á meðan Danir hafa nánast farið létt í gegnum þetta mót hingað til. Þeir eru gríðarlega öflugir í hraðaupphlaupunum og seinni bylgjunni. Það þarf að stoppa Mikkel Hansen, hann er frábær skotmaður og finnur aðra leikmenn í kringum sig. Nikolaj Markussen hefur einnig leikið vel á þessu móti og hann er öflugur þegar öll áhersla er lögð á að stöðva Hansen,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari íslenska landsliðsins, eftir 23-19 sigur liðsins gegn Makedóníu á HM í gær. Aron var ekki lengi að svara þegar hann var inntur eftir því hvort Ísland ætti möguleika gegn Dönum. „Já, við getum unnið Danina, það verður gaman að eiga við þá. Sigurinn gegn Makedóníu mun gefa okkur kraft og losar um pressu á liðinu. Við getum mætt áhyggjulausir í leikinn því þeir eru taldir vera sterkasta liðið á þessu móti. Viljinn þarf að vera til staðar hjá okkur gegn Dönum og okkur langar að leggja þá að velli,“ bætti Aron við.




# Tveir leikir í Hólminum

Dregið í undanúrslit Powerade-bikarsins í körfubolta.

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingar fengu tvo heimaleiki þegar dregið var í undanúrslit Powerade-bikars karla og kvenna í höfuðstöðvum Vífilfells í gær. Snæfell fær Keflavík í heimsókn hjá konunum en Stjörnumenn heimsækja karlaliðið. Bikarmeistarar Keflavíkur fá Íslandsmeistara Grindavíkur í hinum leiknum hjá körlunum. Í hinum leiknum hjá konunum mætast Hamar og Valur í Hveragerði, en hvorugt liðið hefur komist áður í bikarúrslitin og brjóta því blað með sigri í þessum leik. Hjá Val spila einnig margir fyrrverandi leikmenn Hamars.

Undanúrslitin fara fram helgina 25. til 28. janúar næstkomandi en það má búast við því að það verði tvíhöfði í Stykkishólmi. - óój



INGI ÞÓR STEINÞÓRSSON

## Guldmann lyftukerfi fyrir heilbrigðisstofnanir

Ávallt í fararbroddi í vinnuvernd og þægindum. Vönduð hönnun sem sameinar notagildi og tækninýjungar. Guldmann lyftukerfin eru í notkun á flestum heilbrigðisstofnunum á Íslandi.







## Úrval af sjúkrarúmum

Vönduð hjúkrunarrúm, dýnur og húsgögn í úrvali. Fjórskiptur rúmbotn og þægileg umgengni fyrir alla aðhlynningu.

**Þjónusta er byggir á þekkingu, reynslu og gæðum.**

# HJÚKRUNARHEIMILI – LÆKNASTOFUR – SJÚKRAHÚS




*Eirberg ehf. er innflutnings- og þjónustu-fyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að hagræði og vinnuvernd.*

sempermed®



## Skurðstofu- og skoðunarhanskar

Hágæða hanskar af öllum gerðum til notkunar á heilbrigðisstofnunum. Fyrir sjúkrahús, heilsugæslu, hjúkrunarheimili og læknastofur. Framúrskarandi framleiðslutækni tryggir áreiðanleika og öryggi, mýkt og þægindi, vörn gegn sýkingum.

**Sempermed er í fremstu röð og byggir á nær 100 ára reynslu í vöruþróun**

## Steriking pökkunarvörur frá WIPAK

Allt sem til þarf fyrir dauðhreinsun í autoklava. Sótthreinsipokar og rúllur. Pappírsarkir til pökkunar. Gæðavara og rétt notkun tryggir áhrifaríka dauðhreinsun og örugga meðhöndlun áhalda.

**Örugg pökkun í þínum höndum**



STERIKING® WWIPAK

Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg@eirberg.is • Sími 569 3100 • eirberg.is

# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2 Sport kl. 19.10
### HM 2013: Ísland-Danmörk



Bein útsending frá leik Íslands og Danmerkur í B-riðli á HM í handbolta 2013. Danir eru núverandi Evrópumeistarar og tefla fram einu sterkasta handboltaliði heims í dag. Leikir Íslendinga og Dana eru alltaf frábær skemmtun og það má búast við miklu fjöri í kvöld.

## Í KVÖLD



### Grey's Anatomy
**STÖÐ 2 KL. 20.50** Bailey tekst nú á við afleiðingar þess að hafa snúið aftur á spítalann til að skera upp Adele í stað þess að mæta í eigið brúðkaup. Það verða mikil læti þegar mótorhjólaklíka er flutt á spítalann og nokkur af læknapörunum standa á tímamótum.

8,1 (U) IMDb 7,3



### Make It or Break It
**RÚV KL. 20.05** Þriðja þáttaröðin um fimleikastúlkurnar bráðefnilegu. Í þætti kvöldsins mæta Rock-stelpurnar á ný í æfingabúðirnar og hitta þar nýja þjálfarann sinn. Meðal leikenda eru Chelsea Hobbs, Ayla Kell, Josie Loren og Cassie Scerbo.

TV.COM 8,5 IMDb 6,6



### Last Resort
**SKJÁR 1 KL. 21.10** Áhöfn kjarnorkukafbátsins er enn stödd á eyjunni og ákveða skipverjar og eyjarskeggjar að gera sér glaðan dag og halda veislu. Gamanið kárnar þó þegar einn áhafnarmeðlimurinn er sakaður um nauðgun.

74/100 IMDb 7,8

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Arabískar sönggyðjur **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **113.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Listin að ferðast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Við frostmark **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Djöflaeyjan** *(e)*
**16.35 Hefnd** *(12:22) (Revenge) (e)*
**17.20 Einu sinni var...lífið** *(23:26) (e)*
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Njósnari** *(2:6) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Að duga eða drepast** *(1:8) (Make It or Break It)* Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.50 Jakob - Ástarsaga** *(2:6) (Dr Mama: Jacob - A Love Story)* Dönsk þáttaröð. Jakob hefur aldrei verið í sambandi sem hefur enst lengur en í þrjá mánuði. Nú hefur hann einsett sér að komast að því hvernig á því stendur.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hin fullkomna fæðing** *(Desperately Seeking the Perfect Birth)* Bresk heimildamynd um mismunandi aðferðir sem konur beita til þess að barnsfæðing verði sem auðveldust. Fylgst er með þremur konum undir lok meðgöngu og hefur hver þeirra sinn háttinn á.
**23.05 Hjálpið mér að elska barnið mitt – Zoe og Izzy** *(1:2) (Help Me Love My Baby) (e)* Heimildamynd í tveimur hlutum um fæðingarþunglyndi.
**23.55 Kastljós** *(e)*
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.35 Tooth Fairy**
**13.15 Shark Bait**
**14.30 The Full Monty**
**16.00 Tooth Fairy**
**17.40 Shark Bait**
**19.00 The Full Monty**
**20.30 Surfer, Dude**
**22.00 In Bruges**
**23.45 Stig Larsson**
**01.55 Surfer, Dude**
**03.20 In Bruges**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(8:22)*
**08.30 Ellen** *(75:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 60 mínútur**
**10.20 Doctors** *(62:175)*
**11.00 Perfect Couples** *(11:13)*
**11.25 Cougar Town** *(1:22)*
**11.50 Privileged** *(1:18)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** *(17:24)*
**13.25 Gossip Girl** *(21:24)*
**14.10 Fly Girls** *(4:8)*
**14.35 Step It up and Dance** *(3:10)*
**15.25 Big Time Rush**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(76:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(2:23)*
**19.40 The Middle** *(16:24)*
**20.05 New Girl** *(12:24)* Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum.
**20.25 Up All Night** *(24:24)* Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christinu Applegate og Will Arnett í hlutverkum nýbakaðra foreldra.
**20.50 Grey's Anatomy** *(10:24)* Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar.
**21.35 Touch** *(12:12)* Yfirnáttúrulegir dramaþættir með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn.
**22.20 American Horror Story** *(10:12)* Dulmagnaður spennuþáttur um fjölskyldu frá Boston sem flytur til Los Angeles og í reimt hús.
**23.05 NCIS** *(5:24)* Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta.
**23.50 Person of Interest** *(12:23)*
**00.35 Breaking Bad** *(6:13)*
**01.25 The Closer** *(3:21)*
**02.10 Damages** *(3:13)*
**03.00 This is England**
**04.40 Grey's Anatomy** *(10:24)*
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 HM í handbolta – samantekt** Guðjón Guðmundsson fer yfir leikina.
**12.25 HM 2013: Makedónía – Ísland**
**13.50 Þorsteinn J. og gestir Hitað upp fyrir leikina á HM í handbolta.**
**14.35 HM 2013: Makedónía - Rússland** BEINT frá leik í B-riðli.
**16.15 HM 2013: Slóvenía - Pólland C-riðill**
**17.40 HM í handbolta – samantekt**
**18.10 Þorsteinn J. og gestir**
**19.10 HM 2013: Ísland - Danmörk** BEINT frá leik í B-riðli.
**20.50 Þorsteinn J. og gestir**
**21.50 Man. Utd. - West Ham** Útsending frá leik í 3. umferð ensku bikarkeppninnar. Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3 klukkan 20.00.
**23.30 Arsenal - Swansea** Útsending frá leik í 3. umferð ensku bikarkeppninnar. Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 4 klukkan 19.25.
**01.10 HM 2013: Ísland - Danmörk B-riðill.**
**02.35 Þorsteinn J. og gestir**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.50 Football League Show 2012/13**
**15.20 Sunderland - West Ham**
**17.00 Norwich - Newcastle**
**18.40 Premier League Review Show**
**19.35 Chelsea - Southampton** BEINT
**21.45 Sunnudagsmessan**
**22.50 QPR - Tottenham**
**00.30 Chelsea - Southampton**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.20 Svampur Sveinsson**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.55 UKI**
**09.05 Elías**
**09.20 Strumparnir**
**09.45 Ofurhundurinn Krypto**
**10.10 Lukku-Láki**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurhetjusérsveitin**
**17.45 M.I. High**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(1:22)* Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraða krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(21:23)* Chandler og Monica lenda í vandræðilegum aðstæðum á ófrjósemisstofunni þegar þau rekast á gamlan kunningja.
**19.25 How I Met Your Mother** *(15:24)* Í þessari fjórðu seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**19.50 Simpson-fjölskyldan**
**20.15 FM 95BLÖ** Frábær skemmtiþáttur með Auddi Blö og félögum þar sem við fáum einstakt tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**20.35 American Dad** *(3:16)* Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.
**21.00 Arrow** *(1:23)*
**21.45 Sons of Anarchy** *(9:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**22.25 FM 95BLÖ**
**22.50 American Dad** *(3:16)*
**23.15 Arrow** *(1:23)*
**00.00 Sons of Anarchy** *(9:13)*
**00.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** *(114:175)*
**19.00 Ellen** *(76:170)*
**19.40 Two and a Half Men** *(13:24)*
**20.05 Curb Your Enthusiasm** *(2:10)*
**21.10 The Sopranos** *(9:13)*
**22.05 Two and a Half Men** *(13:24)*
**22.30 Curb Your Enthusiasm** *(2:10)*
**23.35 The Sopranos** *(9:13)*
**00.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Once Upon A Time** *(2:22) (e)*
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Ringer** *(19:22) (e)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(38:48) (e)*
**19.35 Hæ Gosi** *(6:6) (e)*
**20.00 Will & Grace** *(9:24) (e)*
**20.25 Top Chef** *(6:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Sérstakur jólaþáttur þar sem keppendur fá það verkefni að búa til jólapottrétt.
**21.10 Last Resort** *(8:13)* Hörkuspennandi þættir um áhöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi.
**22.00 CSI: Miami** *(16:19)* Einn albesti spennuþáttur veraldar þar sem Horatio Caine fer fyrir þrautþjálfaðri rannsóknardeild. Horatio mælir sér mót við móður morðingja sem er nýsloppinn úr fangelsi í þeim tilgangi að afla sönnunargagna til að koma honum aftur bak við lás og slá.
**22.50 Hawaii Five-0** *(14:24) (e)*
**23.35 Dexter** *(10:12) (e)*
**00.25 Excused** *(e)*
**00.50 Last Resort** *(8:13) (e)*
**01.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Sony Open **2013** *(3:4)* **11.40** Golfing World **12.30** Golfing World **13.20** Sony Open **2013** *(3:4)* **16.50** Ryder Cup Official Film **2006 18.**00 Golfing World **18.50** AT&T National - PGA Tour **2012** *(4:4)* **21.35** Inside the PGA Tour *(3:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(2:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Björn Bjarnason **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# MAX ÚTSALA

## ALLT Á LÁGMAX VERÐI – ALLT Á LÁGMAX VERÐI

Mikill afsláttur af kæliskápum

Uppþvottavélar
Verð frá
**49.989**

32" sjónvörp
Verð frá
**59.989**

50" sjónvörp
Verð frá
**139.989**

Fartölvur á frábærum verðum

Heimabíókerfi með miklum afslætti

| Vara | Afsláttur |
|---|---|
| Sjónvarpsflakkarar | 15% afsl. |
| Heyrnartól | 30% afsl. |
| Myndarammar | 30% afsl. |
| Tökuvélar | 20% afsl. |
| Vöfflujárn | 25% afsl. |
| Sjálfvirkar kaffivélar | 20% afsl. |
| Hljómborð | 30% afsl. |
| Sjónaukar | 25% afsl. |
| Fartölvutöskur | 35% afsl. |
| Hárblásarar | 30% afsl. |
| Ryksugur | 15% afsl. |
| Safapressur | 20% afsl. |
| Saumavélar | 25% afsl. |
| Samlokugrill | 25% afsl. |
| Sléttu- og krullujárn | 40% afsl. |

**Síðustu eintök og útlitsgölluð tæki með miklum afslætti**

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## BÓKIN



„Ég var að byrja á bók sem heitir Konan í búrinu eftir Adler-Olsen. Ég er búin að heyra vel af þessum höfundi látið og bókin fer vel af stað.“

Erla Björnsdóttir sálfræðingur.

# Litrík saga öskubakka rakin í lokaritgerð

Hjörtur Matthías Skúlason, nemandi í vöruhönnun við LHÍ, fjallaði um öskubakka í lokaritgerð sinni.

Hjörtur Matthías Skúlason, nemandi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands, gerði öskubakka að umfjöllunarefni lokaritgerðar sinnar í faginu. Hann segir fáar heimildir til um þetta þarfaþing reykingamannsins.

„Öskubakki er hlutur sem var áður til á flestum stöðum; heimilum, vinnustöðum, samkomuhúsum og opinberum byggingum, en er nú að deyja út. Það sem vakti athygli mína var að mörg af stærstu hönnunarhúsum heims hafa framleitt öskubakka sem síðan hafa orðið „icon“ í hönnunarsögunni. Í dag er enginn að hanna öskubakka lengur, og þeir nánast horfnir úr menningu okkar og stubbahúsin komin í þeirra stað,“ útskýrir Hjörtur, sem reykir ekki sjálfur. Hann viðurkennir að það hafi gengið illa að afla heimilda um þennan húsmun, enda lítið skrifað um hann, sögu hans og þróun.

„Það sem kom mér mest á óvart var að í upphafi reyktu aðeins karlar. Á viktoríutímabilinu þótti til dæmis alls ekki fínt að konur reyktu, og í raun byrjuðu þær ekki að reykja fyrr en um og eftir 1920. Það athyglisverða er að um svipað leyti og konur fóru að reykja fór hönnun á öskubökkum af stað.“

Ritgerðin er um fjörutíu síður allt í allt og Hjörtur kemur víða við í henni. Hann tengir efnið meðal annars við menningu, tískustrauma og hönnunarsögu. Spurður út í útskriftarverkefnið, sem Hjörtur er nú í óða önn að undirbúa, segir hann það alveg ótengt ritgerðarefninu. „Það er ekki öskubakki,“ segir hann hlæjandi að lokum. - sm



**RITGERÐ UM ÖSKUBAKKA** Hjörtur Matthías Skúlason, nemandi í vöruhönnun, fjallaði um öskubakka í lokaritgerð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**FRUMRAUNIN Á SVIÐ** Frumraun Kari Óskar Grétudóttur og Kristínar Eiríksdóttur í leikritun verður sett á svið í Kassanum í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Samvinna í gegnum Skype og Dropbox

Vinkonurnar Kari Ósk Grétudóttir og Kristín Eiríksdóttir hafa lokið við sitt fyrsta leikverk. Leikritið, Karma fyrir fugla, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 1. mars.

„Við höfum verið vinkonur frá fjórtán ára aldri en höfum ekki unnið saman áður, þetta lá því beint við. Samvinnan gekk ljómandi vel og fór að mestu í gegnum Skype og Dropbox því Stína var að ferðast um Asíu en ég var heima. Við unnum þetta bæði saman og hvor í sínu lagi og sendum þá einstaka kafla á milli í pósti,“ segir Kari Ósk Grétudóttir sem skrifaði leikverkið Karma fyrir fugla ásamt Kristínu Eiríksdóttur. Verkið verður frumsýnt í Kassa Þjóðleikhússins þann 1. mars.

Kari og Kristín eru báðar myndlistarmenntaðar og er þetta þeirra fyrsta leikverk. Kristín er þó ekki ókunnug ritlistinni því hún sendi frá sér skáldsöguna Hvítfeld, fjölskyldusaga fyrir jól og hefur áður skrifað smásögur og ljóð. Karma fyrir fugla fjallar um afleiðingar ofbeldis og heljartök fortíðarinnar á sálina. Kari lýsir verkinu sem afleiðinga- og áfallasögu og segir umfjöllunarefnið vera þeim stöllum hugleikið. „Við höfðum skrifað annað leikverk áður sem var nokkurs konar fjölskyldusaga. Kjarninn í því verki var notaður í Karma fyrir fugla. Umfjöllunarefnið hefur brunnið á okkur báðum mjög lengi og okkur fannst ekki annað hægt en að verkið fjallaði einmitt um þetta.“

Eins og áður hefur komið fram er þetta frumraun vinkvennanna í leikritun en að sögn Kari reyndist verkefnið þeim auðvelt þrátt fyrir reynsluleysið. „Þetta kom nokkuð auðveldlega um leið og við vorum byrjaðar. Kannski vorum við svona djarfar því við vorum ekki með neina pressu á okkur. Við lásum eitthvað af leikverkum áður en við byrjuðum og lögðumst í mikla heimildavinnu en við tókum engan krasskúrs í leikritun.“

Kari og Kristín hafa unnið náið með leikstjóra verksins, Kristínu Jóhannesdóttur, við uppsetningu þess. „Við funduðum stíft með leikstjóranum og sviðsmynda- og búningahönnuðinum og analíseruðum verkið í þaula með leikurunum. Við fengum þó ekki að koma nálægt leikaravalinu, leikstjórinn sá alfarið um það,“ segir hún og hlær.

Þegar Kari er að lokum innt eftir því hvort þær stöllur ætli sér að vinna áfram saman svarar hún játandi. „Við höfum ekki fengið nóg hvor af annarri enn þá og það er ýmislegt í pípunum hjá okkur þó ekkert sé enn ákveðið,“ segir hún að lokum. sara@frettabladid.is







# Árstíðir hlaut evrópsk verðlaun

Hljómsveitin tekur á móti tónlistarverðlaununum Eiserner-Eversteiner í janúar.

Árstíðir hefur hlotið evrópsku tónlistarverðlaunin Eiserner-Eversteiner. Þau eru veitt framúrskarandi evrópskum hljómsveitum í Þýskalandi á hverju ári.

„Þetta mun opna Þýskalandsmarkaðinn mikið fyrir okkur. Umboðsmaðurinn okkar er byrjaður að plana tvö tónleikaferðalög um Þýskaland næsta sumar,“ segir Ragnar Ólafsson úr Árstíðum. Sveitinni hefur einnig verið boðið á hátíðina Rudolstadt í júlí, sem er stærsta þjóðlagatónlistarhátíð Þýskalands.

Fjöldi hljómsveita sendi inn umsóknir vegna tónlistarverðlaunanna Eiserner-Eversteiner. Átta hljómsveitir voru tilnefndar úr þeim hópi og þær tóku þátt í hljómsveitakeppninni Folkherbst. Hún er haldin ár hvert í þýsku borginni Plauer. Þar er bæði keppt um áheyrendaverðlaun og viðurkenningu dómnefndar atvinnumanna, og Árstíðir hlaut viðurkenningu dómnefndarinnar.

Hljómsveitin er á leiðinni til Þýskalands til þess að taka á móti verðlaununum, sem hljóða upp á um hálfa milljón króna. Af því tilefni spilar hún á hátíðartónleikum í tónleikahöllinni Malzhaus í Plauen 26. janúar.

Fleira er fram undan hjá Árstíðum, því hljómsveitin hitar upp fyrir sænsku rokkarana í Pain of Salvation á þriggja vikna tónleikaferðalagi, þar sem hljómsveitirnar munu flakka um fjórtán lönd. Ragnar Sólberg er meðlimur sænsku hljómsveitarinnar og kynnti söngvara hennar fyrir Árstíðum á sínum tíma.

Síðasta plata Árstíða, Svefns og vöku skil, hefur verið gefin út í Þýskalandi og fengið góða dóma. - fb



**VERÐLAUNUÐ** Hljómsveitin Árstíðir hefur hlotið tónlistarverðlaunin Eiserner-Eversteiner.

HM Á SPÁNI



Sæktu um lykil núna á ob.is

# Strákarnir okkar stjórna afslættinum!

# -4 kr.

Í DAG MEÐ ÓB-LYKLINUM
Á ÓB- OG OLÍS-STÖÐVUM

## ÍSL 23–19 MAK

Íslenska karlalandsliðið í handbolta hafði sigur í þriðja leik sínum á HM í gær þegar það lagði lið Makedóníu með 4 marka mun. Af því tilefni fá lykilhafar afslátt af eldsneytislítranum hjá ÓB og Olís sem nemur markamismuninum og gildir afslátturinn einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís. Afsláttur vegna markamismunar bætist ekki við annan afslátt.



## FÁÐU LYKIL HJÁ OLÍS!

Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu farið á næstu Olís-stöð, fengið afhentan lykil og virkjað strax á netinu. Þá er engin hætta á að þú missir af afslættinum. Athugaðu þó að það geta liðið nokkrar klukkustundir frá því lykillinn er virkjaður og þar til hægt er að nota hann.

PIPAR\TBWA • SÍA • 123841

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bensínlaus ÓB-maður

Grínistarnir úr Mið-Íslandi, þeir **Jóhann Alfreð Kristinsson** og Björn Bragi Arnarsson, komust í hann krappan í gær þegar bíllinn þeirra varð bensínlaus á miðri Hringbrautinni, með öllum þeim vandræðagangi sem því fylgdi. Óhappið var grátbroslegt í ljósi þess að Jóhann Alfreð gerði garðinn frægan fyrir túlkun sína á Óttari Bender í bensínauglýsingum fyrir ÓB. Hann hefði því kannski átt að vita betur áður en hann lagði af stað með tóman bensíntank í þessa örlagaríku bílferð. Ekki fylgir sögunni hvort hann leitaði að næstu ÓB-stöð eftir meira bensíni. - fb



### Veitingar í 130 ára húsi

Matreiðslumaðurinn og sjónvarpskokkurinn **Völundur Snær Völundarson** undirbýr nú opnun veitingastaðar við Bókhlöðustíg 2. Húsið, sem Völundur og kona hans, Þóra Sigurðardóttir, keyptu í fyrra, er byggt 1882. Erindi Völundar um að fá að stækka kjallarann og innrétta þar eldhús og veitingasal fyrir fjörutíu gesti er til meðferðar í borgarkerfinu. Ekki munu allir nágrannarnir vera ánægðir með að fá veitingastað svo nærri íbúðarbyggðinni. - gar



## Mest lesið VÍSIR

1. Lögum breytt þannig að ökuskírteini gilda í 15 ár í einu
2. Brasilíska vaxið útrýmir flatlúsinni
3. IKEA tók umdeildan skógarhöggsmann úr umferð
4. Mafíuforingi segist vita hvar Jimmy Hoffa er grafinn
5. Varð undir veghefli en kláraði vaktina
6. Fékk magakveisu á lokametrunum – óttaðist að ferðinni væri lokið
7. iPhone-svindlarinn hafði fé af um hundrað manns
8. Réttað í máli Stúlku eftir helgi


ÚTSALA
ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

SJÓNVÖRP
ALLAR STÆRÐIR
FRÁBÆR VERÐ

PHILIPS BLU-RAY SPILARAR
FRÁ 19.990

OLYMPUS MYNDAVÉLAR
MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is


